
BROTHÆTTAR BYGGÐIR

ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2024



BYGGÐASTOFNUN



Ágúst 2025

Helga Harðardóttir
Kristján Þ. Halldórsson

ISBN 978-9935-518-18-7

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit BB.2024

INNGANGUR	4
1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2024.	7
Betri Bakkafjörður	8
Sterkar Strandir	9
Sterkur Stöðvarfjörður	9
DalaAuður	10
2. MARKMIÐ OG TILGANGUR	11
3. VERKEFNISLÝSING	12
4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG	16
Betri Bakkafjörður	17
Sterkar Strandir	21
Sterkur Stöðvarfjörður	26
DalaAuður	32
Byggðarlög sem hafa lokið þátttöku í Brothættum byggðum	38
5. BREYTINGAR Á FJÖLDA ÍBÚA	40
6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFHA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM	42
FUGLASKOÐUNARHÚSIÐ STÉLIÐ Í FINNAFIRÐI - BETRI BAKKAFJÖRÐUR	42
GRÁSLEPPAN, HÁTÍÐ - BETRI BAKKAFJÖRÐUR	42
FRISBÍGOLF - BETRI BAKKAFJÖRÐUR	42
KUKLIÐ, FRUMKVÖDLASETUR MATVÆLA - UPPBYGGING AÐSTÖÐU - STERKAR STRANDIR	43
GALDUR BRUGGHÚS - STERKAR STRANDIR	43
BÆTT AÐSTAÐA Í SKÍÐASKÁLA - STERKAR STRANDIR	43
STÖÐFIRSKIR BÁTAR OG SKIP - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR	44
BRAUÐDAGAR - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR	44
SKEMMTIFÉLAG STÖÐVARFJARÐAR - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR	44
JÓLASVEINARNIR ERU ÚR DÖLUNUM, ÞRÍR STUÐLAR - DALAAUÐUR	44
FRÆHÖLL - DALAAUÐUR	45
AÐGENGI SKÓGA Í DALABYGGÐ - DALAAUÐUR	45
7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTRA BYGGÐA	46
8. VIÐAUKAR	48
Viðauki I. Betri Bakkafjörður, staða starfsmarkmiða	48
Viðauki II. Sterkar Strandir, staða starfsmarkmiða	54
Viðauki III. Sterkur Stöðvarfjörður, staða starfsmarkmiða	57
Viðauki IV. DalaAuður, staða starfsmarkmiða	65

INNGANGUR

Liðin eru rúm tólf ár frá því að fyrsta íbúapingið í verkefninu Brothættum byggðum var haldið á Raufarhöfn. Í upphafi verkefnisins var hugmyndin sú að búa til aðferð eða verklag sem hægt væri að yfirfæra á byggðarlög sem stæðu frammi fyrir sambærilegum vanda, þ.e. viðvarandi fækkun íbúa og erfiðleikum í atvinnulífi. Verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hófst árið 2012, íbúaping var haldið í janúar 2013 og því lauk í byrjun árs 2018 hvað aðkomu Bygðastofnunar varðar.

Þáttökubygðarlögin í Brothættum byggðum eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun undanfarna áratugi og skekkt aldursdreifing. Gjarnan er skortur á húsnæði og á það jafnt við um íbúðarhúsnæði til sölu, leiguíbúðir og atvinnuhúsnæði. Bætt fjarskipti og umbætur í raforkumálum hafa verið ofarlega á baugi, sem og samgöngubætur og bætt þjónusta. Takmarka hefur þurft fjölda byggðarlaga sem geta tekið þátt í verkefninu á hverjum tíma og ræðst sá fjöldi meðal annars af fjármunum til verkefnisins og árafjölda þess í hverju byggðarlagi. Bygðastofnun eða byggðarlag (með milligöngu sveitarfélags) geta haft frumkvæði að samtali um mögulega þátttöku og sérstakir mælikvarðar eru notaðir til að meta stöðu og forgangsraða byggðarlögum til þátttöku.

Segja má að verklag, framkvæmd og framvinda Brothættra byggða hafi mótast og þróast í fyrstu með þátttöku fyrsta byggðarlagsins, Raufarhafnar, ásamt þátttöku þeirra þriggja sem á eftir fylgdu. Það voru Bíldudalur, Breiðdalur og Skaftárhreppur. Reynslan og árangurinn af þeim verkefnum varð leiðarljósið í þeim byggðarlögum sem síðar hafa tekið þátt í verkefninu. Á árunum 2015-2016 kynntu fulltrúar Bygðastofnunar og aðrir hagaðilar sér sambærileg byggðapróunarverkefni í öðrum löndum, einkum í Noregi og í Skotlandi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið lét gera úttekt á verkefninu Brothættra byggðir á árunum 2014 – 2015 og sá EY Ísland um úttektina fyrir þeirra hönd sjá [hér](#).

Árið 2016 var sérstök verkefnislýsing Brothættra byggða gefin út hjá Bygðastofnun og var hún byggð á reynslu í Brothættum byggðum, fyrirmyndum í öðrum löndum og ráðum og ábendingum úr úttekt EY Ísland. Frá þeim tíma hafa þáttökubygðarlög í verkefninu unnið samkvæmt þeirri verkefnislýsingu og eru einstök atriði hennar uppfærð eftir því sem tilefni er til. Uppfærslur eru birtar jafn óðum á heimasíðu Bygðastofnunar. Í verklagi samkvæmt verkefnislýsingunni felst m.a. að verkefnisstjóri er ráðinn í hverju byggðarlagi, aðferð við úthlutun styrkja er fest í sessi og ákveðnir verkþættir skilgreindir. Verkefninu er skipt upp í fjóra áfanga, þeir eru: undirbúningur, íbúaping og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfangi og lokaáfangi. Þegar verkefni í hverju byggðarlagi eru komin í lokaáfanga

eru væntingar um að frumkvæði og drifkraftur sem einkennt hefur þátttöku íbúa byggðarlagsins á verkefnistímabilinu haldi áfram í formi áframhaldandi nýsköpunar og skilvirkri eftirfylgni sveitarfélags og íbúa á þeirri framtíðarsýn og markmiðum sem sett voru fram í upphafi verkefnis. Þessar væntingar um eftirfylgni sveitarfélags hafa verið skjalfestar í samstarfssamningum við sveitarfélög vegna byggðarlaga sem hafa hafið göngu sína í Brothættum byggðum frá árinu 2022. Verkefnislýsingu Brothættra byggða má sjá [hér](#).

Alþingi samþykkti sumarið 2022 stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Aðgerðaáætlun byggðaáætlunar gildir frá 2022-2026 og kveður á um 44 aðgerðir, þar með talið Brothættar byggðir. Verkefnið Brothættar byggðir hefur sl. tólf ár orðið veigamikill þáttur í að auka viðspyrnu gegn hnignun í samfélögum sem m.a. hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun og erfiðleika í atvinnulífi undanfarin ár. Ýmsar vísbendingar eru um að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif í þátttökubygðarlögunum til þessa. Til dæmis má nefna aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir bæði með og án verkefnastyrkja úr Frumkvæðissjóðum Brothættra byggða.

Bygðastofnun lét framkvæma áhrifamat á verkefninu Brothættar byggðir á tímabilinu mars til október 2023. Samningur var gerður við KPMG um framkvæmd matsins. Í áhrifamatinu fólst að greina stöðu á verkefninu í heild, þ.m.t. áhrif verkefnisins á þau fjórtán byggðarlög sem hafa tekið þátt í byggðapróunarverkefninu til þessa. Niðurstöður áhrifamatsins má sjá [hér](#). Þær voru m.a. kynntar á málþingi um verkefnið Brothættar byggðir sem haldið var á Raufarhöfn í október 2023 í tilefni af því að rúmlega tíu ár voru liðin frá því að verkefnið hóf göngu sína. Umfjöllun og erindi á málþinginu má nálgast [hér](#).

Haustið 2024 samþykkti stjórn Bygðastofnunar að leggja 135 milljónir króna til verkefnisins til viðbótar þeim fjár-munum sem er ráðstafað til þess á Byggðaáætlun. Þessir fjármunir dreifast á þrjú ár, 2025-2027, 45 milljónir króna hvert ár. Stjórn hefur sömuleiðis ákveðið að nýta hluta þessara fjármuna til að styrkja „grunnverkefni Brothættra byggða“ á landsvísu en jafnframt að nýta hluta fjármunanna til að hrinda í framkvæmd þriggja ára tilraunaverkefni sem felst í því að gera samninga við tvö byggðarlög um að fylgja eftir mögulegum árangri í verkefnum Brothættra byggða sem Bygðastofnun hafði áður sleppt hendinni af við lok samstarfssamninga. Fyrir valinu urðu verkefnin Raufarhöfn og framtíðin og Öxarfjörður í sókn. Tilraunaverkefnin eru að hefjast á fyrri hluta árs 2025 undir heitinum *Raufarhöfn og framtíðin II* og *Öxarfjörður í sókn II*.

Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu verkefna í Brothættum byggðum í hverju þátttökubbyggðarlagi fyrir sig árið 2024. Einkum verður stuðst við gögn úr ársskýrslum verkefnisstjóranna. Jafnframt verður reynt að varpa ljósi á stöðu verkefnisins í heild.

Myndir í skýrslunni tók Kristján Þ. Halldórsson ef frá er talin mynd úr skýrslu verkefnisstjóra Sterks Stöðvarfjarðar á síðu 64.

Mynd á forsíðu: Nýr útsýnispallur við höfnina í Norðurfirði í Árneshreppi.

1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2024



Frá íbúafundi í DalaAuði

Á árinu 2024 var Byggðastofnun aðili að fjórum verkefnum undir merkjum Brothættra byggða. Þau eru:

Betri Bakkafjörður	Sterkar Strandir
Sterkur Stöðvarfjörður	DalaAuður

Í hverju verkefni starfar verkefnisstjóri. Landshlutasamtök hafa ráðið verkefnisstjórana til starfa en notið fjárhagslegs stuðnings verkefnisins Brothættra byggða til þess.

Veittir voru styrkir í byggðarlögum, alls að upphæð rúmlega 62,1 m.kr., auk fjármuna til endurúthlutunar, samtals rúmar 63,7 m.kr. á árinu 2024. Alls voru veittir styrkir til 66 verkefna. Nánari upplýsingar um styrki er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar, sjá [hér](#). Frá árinu 2022 hefur verið tekið tillit til fjölda íbúa þegar ákvörðun hefur verið tekin um heildarstyrkfé í frumkvæðissjóðum þátttökubyggðarlaganna. Ákveðin grunnupphæð hefur verið til úthlutunar í hverju byggðarlagi en fjölmennari byggðarlögin hafa fengið aukaframlög til viðbótar grunnupphæðinni. Grunnfjárhæðin á árinu 2024 var 10,5 m.kr.

Á árinu hafa fulltrúar Byggðastofnunar í verkefninu unnið að skoðun á verklagi og leitað leiða til að gera verkefnið enn skilvirkara. Í þeirri vinnu er meðal annars horft til sambærilegra verkefna í nágrennalöndum svo sem í Noregi. Enn

fremur er stuðst við reynslu innan stofnunarinnar og reynslu samstarfsaðila af verkefninu síðustu ár og ábendingar sem komu fram í mati KPMG á verkefninu á árinu 2023. Áætlað er að vinnu við yfirferð verkefnislýsingar ljúki á árinu 2025. Þegar hafa verið teknar ákvarðanir um úrbætur í kjölfar þess að stjórn Bygðastofnunar ákvað að leggja verkefninu til aukna fjármuni á árunum 2025 – 2027, 45 m.kr. hvert ár. Samningstími verkefna í nýjum þáttökubygðarlögum verður fimm ár í stað fjögurra. Stofnað hefur verið til tilraunaverkefna til þriggja ára í tveimur fyrrum þáttökubygðarlögum til að fylgja mögulegum árangri í grunnverkefnum Brothættra bygð¹ eftir. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að leggja fyrir kannanir meðal íbúa hvers bygðarlags bæði fyrir og eftir þátttöku í Brothættum bygðum. Með því er vonast til að verðmætar upplýsingar fáiast um árangur af viðkomandi verkefni í þáttum sem erfitt er að mæla með opinberum tölum, svo sem íbúatölum, einum saman.

Betri Bakkafjörður

Verkefnið Betri Bakkafjörður hóf þátttöku sína í verkefninu Brothættrar bygðir á fyrri hluta árs 2019. Skilgreind var verkefnisáætlun í upphafi og hún hefur legið til grundvallar öllu starfi í verkefninu. Nokkuð hefur ræst úr atvinnumálum og þjónusta verið augin í bygðarlaginu, einkum við ferðamenn. Ýmislegt sem unnið hefur verið að á verkefnistímanum hefur haft jákvæð áhrif á samfélag og búsetuskilyrði í bygðarlaginu. Uppbygging á Hafnartanganum upp af gömlu höfninni er eitt af þeim verkefnum og nýr útsýnispallur var vígður á árinu 2022. Framkvæmdasjóður ferðamanna-staða hefur borið hitann og þungann af fjármögnun þess verkefnis. Þá hafa íbúar og fyrirtæki gert átak í umhirðu húsa og umhverfis, auk þess að starfa að fleiri frumkvæðisverkefnum. Samgöngur hafa lagast verulega með bundnu slitlagi á Langesströnd (við Bakkafjörð) og vantar nú aðeins uppbyggingu og slitlag á vegi yfir Brekknaheiði til að tengja bygðakjarnana í Langesbygð saman með vegi með bundnu slitlagi. Bættar vegasamgöngur hafa skipt miklu máli fyrir sveitarfélagið og svæðið í heild, auk þess að treysta bygð á Norðausturhorni landsins. Því miður varð neikvæð umfjöllun um Bakkafjörð í fjölmiðlum sumarið 2024. Þessi mál hafa lagst þungt á íbúa seinni hluta ársins og mögulega dregið úr áhuga á verkefninu.

Stjórn Bygðastofnunar samþykkti síðla árs 2023 að framlengja verkefnið Betri Bakkafjörð um eitt ár, til loka árs 2024, í kjölfar beiðni frá Langesbygð og íbúum þar að lútandi. Við þessi tímamót tók Romi Schmitz við verkefnisstjórn og er það starf í tengslum við Kistuna, nýstofnað atvinnu- og nýsköpunarsetur í Langesbygð. Romi sinnti verkefninu af krafti og m.a. skipulagði hún vel heppnaðan íbúafund 2. október 2024. Í lok árs 2024 var gerð könnun meðal íbúa á Bakkafirði um viðhorf þeirra til samfélagsins og verkefnisins Betri Bakkafjarðar. Af niðurstöðum má ráða að skiptar skoðanir eru um samfélagið á Bakkafirði og árangur af verkefninu Betri Bakkafirði. Óhætt er þó að segja að margir svarenda telji það mikilvægt að verkefnisstjóri hafi leitt verkefnið og einnig telja margir það skipta mjög miklu eða miklu

1 Með grunnverkefni er átt við verkefnið Brothættrar bygðir eins og það hefur verið unnið í þáttökubygðarlögum til þessa.

máli að fylgja eftir framtíðarsýn og markmiðum verkefnisins. Niðurstöður könnunarinnar má sjá [hér](#).

Sterkar Strandir

Sterkar Strandir. Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í júní 2020. Heimsfaraldur setti mark sitt á verkefnið fyrstu tvö árin en aukinn kraftur færðist í verkefnið eftir því sem faraldur fjaraði út. Fjölmarginir hafa farið af stað með frumkvæðisverkefni og hlotið til þess stuðning úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda. Á viðbótarári verkefnisins, 2024, var met slegið í fjölda umsókna í sjóðinn sem sýnir hversu mikil gróska hefur verið meðal íbúa í hvers kyns frumkvæðisverkefnum. Kraftmikil verkefni í atvinnulífi s.s. Galdur brugghús og Norðurfjara eru meðal vænlegra sprota sem Frumkvæðissjóður Sterkra Stranda hefur styrkt, einnig fjölmörg verkefni sem stuðlað hafa að eflingu menningar- og samfélagsstarfs á sviðum lista, íþróttar og fræða svo dæmi séu tekin.

Eftir þungt högg í samfélaginu á miðju ári 2023, þegar Rækjuvinnslan Hólmadrangur hætti starfsemi, var stofnaður starfshópur í samstarfi þingmanna kjördæmisins, Vestfjarðastofu og Strandabyggðar sem vann að tillögum um viðbrögð við áfallinu í þágusamfélaginu í Strandabyggð. Verkefnisstjóri Sterkra Stranda lagði sitt aðmörkum til að tryggja sértækan byggðakvóta í samfélaginu og ný fiskvinnsla, Vilji fiskverkun ehf, var stofnuð af heimamönnum af miklum dugnaði og útsjónarsemi. Þetta var stórt skref í að endurheimta þau störf sem glötuðust við fall Hólmadrangs, auk þess sem húsnæði í eigu Hólmadrangs var glætt nýju lífi. Íbúar Strandabyggðar voru 421 í lok árs 2024 en voru 436 í upphafi verkefnisins á árinu 2020. Byggðastofnun dró sig formlega í hlé út úr verkefninu í árslok 2024 og lokaíbúafundur var haldinn í febrúar 2025. Í lok verkefnisins var gerð könnun meðal íbúa og sá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri um framkvæmd könnunarinnar. Fram kemur m.a. að stór hluti íbúa telur svæðið búa yfir mikilsverðum eiginleikum og tenging þeirra við byggðarlagið er sterk. Einnig kemur fram að átök tengd sveitarstjórnarmálum í Strandabyggð eru ofarlega í hugum margra. Niðurstöður íbúakönnunarinnar má sjá [hér](#).

Sterkur Stöðvarfjörður

Verkefnið hófst formlega með íbúafundi í mars 2022 og fjölmenntu íbúar á þingið. Vinnu að hinum ýmsu markmiðum miðar vel og í þó nokkrum tilvikum hafa markmið þegar náðst. Stöðfirðingar hafa nýtt sér verkfæri Brothættra byggða af miklum krafti. Styrkjum var úthlutað 2022, 2023 og svo í þriðja skiptið þann 21. mars 2024. Þá fengu 18 verkefni styrk, alls að upphæð 11,3 m.kr. Verkefnin eru fjölbreytt og má nefna brauðgerð, skiltagerð vegna útgerðar, útilíkamsræktartæki og fleira.

Áfram var uppbygging í þeim fyrirtækjum sem starfandi eru í byggðarlaginu. Fyrirtækið Brauðdagur býður upp á ýmis konar brauðmeti. Kaffi Kvörn færir út kvíarnar í sölustarfi og nú á netinu. Atomic Analog bætir við sig tækjakosti og nú er

m.a. mögulegt að færa hljóðritanir á hljómplötur í litlu upplagi hjá fyrirtækinu og þá m.a. í tengslum við upptökur í Studio Silo. Einnig er unnið að uppbyggingu í annarri starfsemi innan Sköpunarmiðstöðvar, einkum er varðar standsetningu á rými sem hýsa mun Fræ, Sköpunareldhús í framtíðinni. Þá er unnið að því að koma upp rými til Innrömmunar og forvörslu á listaverkum í Sköpunarmiðstöðinni. Það sem helst stendur íbúum á Stöðvarfirði fyrir þrifum er að engin dagvöruverslun er starfrækt á Stöðvarfirði frá því að Brekkan var seld og er það mikill missir fyrir íbúa. Mikilvægt er að úr rætist hvað verslun varðar.

Stjórn Byggðastofnunar hélt fund í Samkomuhúsinu á Stöðvarfirði í október og í framhaldi af því átti stjórnin fund með verkefnisstjórn Sterks Stöðvarfjarðar og fulltrúum Fjarðabyggðar og Austurbrúar. Á milli funda gæddu gestir sér á viðfrægu fiskibollum Ástu Snædísar Guðmundsdóttur og í tengslum við fundina gafst gestunum kostur á að kynna sér starfsemi í Sköpunarmiðstöðinni, Gallerí Snærós og Steinasafni Petru. Var dagurinn einkar fróðlegur og skemmtilegur og ekki spillti fyrir að veðurbliða var á Stöðvarfirði þennan dag. Sjá nánari umfjöllun um heimsóknina í frétt á vef Byggðastofnunar, [hér](#).

DalaAuður

Í apríl 2024 var þriðja úthlutun styrkja í verkefninu. Alls bárust 21 umsókn og í þetta sinn var úthlutað styrkjum til 18 frumkvæðisverkefna, alls að upphæð 18,4 m.kr. Meðal verkefna sem hlutu styrk er Urður ullarvinnsla, tónleikahald, nýsköpun í ræktun á skel, aðgengi að skógum, þróun á afurðum úr geitamjólk, ræktun á hvítlauk og verkefnið Jólasveinarnir eru úr Dölunum. Því er óhætt að segja að Dalamenn nýti sér verkfæri DalaAuðs af miklum krafti. Einnig er eftirtektarvert og til fyrirmyndar hvernig Dalabyggð hefur tekist að samtvinna áherslur íbúa í DalaAuði og verkefni sveitarfélagsins eftir því sem tæk eru á.

Mikil gróska hefur einkennt verkefnið þessi fyrstu þrjú ár DalaAuðs og lofar það sannarlega góðu um framhaldið. Þess má einnig geta að verkefnisstjóri DalaAuðs hefur unnið þétt með sveitarfélaginu að ýmsum framfaramálum og hefur tekist að laða að samfélaginu fjármuni úr öðrum sjóðum til ýmissa framfaraverkefna s.s. úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands og C.1. á byggðaáætlun, sértækum verkefnum sóknaráætlanasvæða.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi sínum í febrúar 2025 að framlengja verkefnið DalaAuð um eitt ár, þ.e. út árið 2026.

2. MARKMIÐ OG TILGANGUR

Aðalmarkmið verkefnisins Brothættra byggða er **að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum**. Undirmarkmið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsöðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Svo sem sjá má á undirmarkmiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.



Heimsókn í Kaffibrennsluna Kvörn í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði

3. VERKEFNISLÝSING

Verkefnið Brothættar byggðir er framkvæmt í fjórum áföngum: undirbúningi, íbúáþingi og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfanga og lokaáfanga verkefnis. Verkefnið byggir á samtali og samstarfi við íbúa í þátttökubbyggðarlögunum. Einnig á valdeflingu samfélagsins með því að ýta undir áhuga íbúa og samstöðu varðandi framfaramál í samfélaginu. Hlutverk Byggðastofnunar í verkefninu er að efla samstöðu hagsmunaaðila, að stjórnvöldum meðtöldum, um að vinna að framfaramálum er varða hvert byggðarlag. Enn fremur að veita verkefnisstyrki til frumkvæðisverkefna í byggðarlögunum.

Verkefnið hlýtur nýtt heiti í hverju byggðarlagi fyrir sig og í flestum tilvikum hafa íbúarnir sjálfir valið heitin með tillögum og atkvæðagreiðslu um þær. Heitin bera í sér bjartsýni og kjark, sem vegur upp á móti brothættu heiti heildarverkefnisins.

Byggðastofnun hefur um það ákveðnar væntingar að byggðarlög sem lokið hafa formlegri þátttöku í verkefninu njóti áframhaldandi athygli og stuðnings stjórnvalda næstu ár þar á eftir. Einnig að verklagið nýtist íbúum og viðkomandi sveitarfélögum og landshlutasamtökum í áframhaldandi vinnu að framfaramálum byggðarlagsins. Frá árinu 2022 hefur í samningum um verkefnið Brothættar byggðir í nýjum byggðarlögum verið leitast við að skýra betur ábyrgð sveitarfélaga og landshlutasamtaka á eftirfylgni verkefnisins eftir að Byggðastofnun lýkur sinni aðkomu. Með því er ætlunin að unnt verði að festa árangur verkefnisins í sessi og skapa aðstæður til frekari framfara.

Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er sett á fót í hverju þátttökubbyggðarlagi. Í henni eiga sæti fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka ásamt fulltrúum íbúa sem að jafnaði eru tveir. Dæmi eru þó um fleiri fulltrúa íbúa. Verkefnisstjórn fundar reglubundið og oftast er notast við fjarfundarformið. Að lágmarki er þó fundað einu sinni á ári í þátttökubbyggðarlagi og þá oft í tengslum við íbúafund. Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar í hverju þátttökubbyggðarlagi er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess að leitast við að kynna verkefnið sem best á hverjum tíma. Ekki síst er verkefnisstjórnin bakhjarl verkefnisstjórans við framkvæmd verkefnisins.

Verkefnisstjóri

Í hverju byggðarlagi er starfandi verkefnisstjóri, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, eftir því sem aðstæður bjóða upp á og samkomulag er um. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar og helstu verkefni eru að stuðla að



Frá íbúafundi í Strandabyggð, hluti verkefnisstjórnar



Frá íbúáþingi á Stöðvarfirði 2022



Íbúafundur í Árneshreppi

þátttöku íbúa, leiða samstarf við sveitarfélag, fylgja eftir vinnu við markmið verkefnisáætlunar, undirbúa úthlutun styrkja til frumkvæðisverkefna og aðstoða frumkvöðla í þeirra verkefnum eftir föngum, þar með talið að undirbúa umsóknir. Enn fremur að stuðla að framförum með öðrum hætti eftir því tækifæri gefast til. Verkefnisstjóri skilar framvinduskýrslu um verkefnið árlega til Byggðastofnunar.

Íbúáþing

Í upphafi nýs verkefnis er haldið tveggja daga íbúáþing þar sem staða byggðarinnar er rædd og leitað leiða til umbóta. Á íbúáþinginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnunum eftir mikilvægi. Umsjón íbúáþinga hefur verið í höndum ráðgjafafyrirtækisins Ildis og verkefnisstjóra ásamt verkefnisstjórnnum í hverju þáttökubýggðarlagi. Stefnumótun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir annars vegar á niðurstöðum íbúáþings og hins vegar á sérstakri stöðugreiningu sem unnin er fyrir byggðarlagið af verkefnisstjóra og verkefnisstjórn. Stefnumótunin/verkefnisáætlunin er kynnt og rædd á íbúafundi og borin upp til samþykktar. Hvert meginmarkmið sem sameinast hefur verið um er brotið niður í fjölmörg mælanleg starfsmarkmið sem unnið er að á verkefnistímanum.

Íbúafundir

Íbúafundir eru haldnir árlega þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins og skapaður umræðuvettvangur um framvindu starfsmarkmiða og einstakra verkefna. Þess er gætt að íbúar séu upplýstir um hvernig skilaboð íbúáþingsins í upphafi eru höfð til hliðsjónar og hvernig málefnum er fylgt eftir. Verkefnisstjórn hefur m.a. því

hlutverki að gegna að kynna áherslur íbúa í hverju þátttökubýggðarlagi fyrir ríkisvaldi og stofnunum.

Frumkvæðisstyrkir

Á hverju ári er frumkvæðisstyrkjum úthlutað í hverju þátttökubýggðarlagi. Byggðastofnun hefur gefið út leiðbeiningar vegna úthlutunar styrkja í viðauka við verkefnislýsingu, sjá [hér](#). Verkefnisstjórn ber ábyrgð á úthlutun styrkja til verkefna í hverju byggðarlagi. Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri annast úthlutun styrkja og sú niðurstaða er endanleg hverju sinni.

Styrkir á árinu 2024 voru samkvæmt fjárhagsáætlun samtals 10,5 milljónir króna fyrir hvert þátttökubýggðarlag. Að auki var tekið tillit til íbúafjölda í byggðarlögum með þeim hætti að fjölmennustu byggðarlögin fengu viðbótarframlag svo sem verið hafði síðustu tvö ár. Ákvörðunin um álag á styrkina var tekin í því ljósi að með tilkomu Dalabyggðar í verkefnið var munur á íbúafjölda orðinn verulegur og því mjög misjafnt gefið miðað við heildarstyrk deilt með fjölda íbúa. Samkvæmt þessu voru til ráðstöfunar 10,5 m.kr. í á Bakkafirði og Stöðvarfirði, tæpar 18,4 m.kr. í Dalabyggð og tæpar 15,8 m.kr. í Strandabyggð. Ákveðið var að bæta 7 m.kr. við ráðstöfunarfé í Strandabyggð til að bæta byggðarlaginu upp lága úthlutunarupphæð fyrstu tvö árin í þessu tiltölulega fjölmenna byggðarlagi áður en álag kom á úthlutun vegna íbúafjölda. Viðbótin nam þannig 3,5 milljónum vegna hvors hinna fyrri ára, samtals í Strandabyggð tæpar 22,8 m.kr. Samtals voru því til ráðstöfunar 62,1 milljón króna alls í styrki í byggðarlögum en vegna endurúthlutunar fjármuna sem ekki nýttust á fyrri árum varð endanleg heildarupphæð tæpar 63,7 m.kr. á árinu 2024. Dæmi eru um að verkefni hafi fallið niður og styrkjum skilað. Sú upphæð bætist þá við styrkjaúthlutun næsta árs í því byggðarlagi sem um ræðir.

Fullyrða má að styrkirnir hafi haft hvetjandi áhrif í samfélögum. Mörg verkefni hafa ýmist sótt í sig veðrið, eða jafnvel hafist í kjölfar styrkumsóknar. Yfirlit yfir styrkt verkefni 2024 má sjá í umfjöllun í köflum um einstök byggðarlög.

Rétt er að benda á að það sem fram kemur í þessum kafla á við um það sem kalla mætti *grunnverkefni Brothættra byggða*. Þetta er nefnt í ljósi þess að stjórn stofnunarinnar ákvað á seinni hluta ársins 2024 að boðið verði upp á þriggja ára tilraunaverkefni um framhald af Brothættum byggðum í tveimur fyrrum þátttökubýggðarlögum. Vísað verður til þess verkefnis sem tilraunaverkefni eða Brothættra byggða II í frekari umfjöllun. Gert er ráð fyrir að í tilraunaverkefninu sé stuðst við tiltekna þætti í verkefnislýsingu grunnverkefnisins en þó er um mun viðaminni verkefni að ræða ef frá eru taldar leiðbeiningar og reglur um úthlutun frumkvæðisstyrkja. Þar gilda sömu reglur og í grunnverkefninu. Gert er ráð fyrir að við endurskoðun verkefnislýsingarinnar í heild verði komið inn á lýsingu á tilraunaverkefnunum einnig.



Eiríksstaðir í Haukadal, Bjarnheiður Jóhannsdóttir kynnir starfsemina



Landnámsskólar á Stöð. Hluti verkefnisstjórnar Sterks Stöðvarfjarðar nýtur leiðsagnar Björgvins Vals Guðmundssonar

4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG

Verkefnislýsinguna í heild má sjá á vef Byggðastofnunar, [hér](#).

Til og með árinu 2024 höfðu alls hafa fjórtán byggðarlög tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir frá því að það hóf

Byggðarlag	Heiti verkefnis	Staða
Raufarhöfn	Raufarhöfn og framtíðin	Hefur lokið þátttöku
Breiðdalur	Breiðdælingar móta framtíðina	Hefur lokið þátttöku
Skaftárhreppur	Skaftárhreppur til framtíðar	Hefur lokið þátttöku
Bíldudalur	Bíldudalur – samtal um framtíðina	Hefur lokið þátttöku
Hrísey	Hrísey – perla Eyjafjarðar	Hefur lokið þátttöku
Öxarfjarðarhérað	Öxarfjörður í sókn	Hefur lokið þátttöku
Grímsey	Glæðum Grímsey	Hefur lokið þátttöku
Árneshreppur	Áfram Árneshreppur	Hefur lokið þátttöku
Þingeyri og dreifbýli við Dýrafjörð	Öll vötn til Dýrafjarðar	Hefur lokið þátttöku
Borgarfjörður eystri	Betri Borgarfjörður	Hefur lokið þátttöku
Bakkafjörður	Betri Bakkafjörður	Framkvæmdaáfangi
Strandabyggð	Sterkar Strandir	Framkvæmdaáfangi
Stöðvarfjörður	Sterkur Stöðvarfjörður	Framkvæmdaáfangi
Dalabyggð	DalaAuður	Framkvæmdaáfangi
Reykholahreppur	Fjársjóður fjalla og fjarða	Undirbúningsáfangi

göngu sína árið 2012.

Skrifað var undir samninga um þátttöku Reykhólahrepps í verkefninu á seinni hluta árs 2024 á milli Byggðastofnunar,

Reykholahrepps og Vestfjarðastofu.

Undirbúningur hófst í kjölfarið og fyrsti verkefnisstjórnarfundurinn í nýju verkefni Brothættra byggða í Reykhólahreppi haldinn í desember 2024. Reykhólahreppur er fimmtánda byggðarlagið sem tekur þátt í verkefninu. Í töflunni hér að ofan má sjá yfirlit yfir þátttökubbyggðarlögin, heiti verkefna og stöðu hvers verkefnis á árinu 2024.



Á árinu 2024 voru fjögur byggðarlög þátttakendur í verkefninu og verða hverju þeirra gerð skil hér á eftir.

Betri Bakkafjörður

Verkefnið Betri Bakkafjörður hófst snemma árs 2019 í samræmi við tillögu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar. Á þessum tíma þótti ljóst að byggðin þyrfti á verulegum stuðningi að halda frá ríki og sveitarfélagi til að geta staðið af sér frekari áföll. Í mars sama ár var haldið íbúáþing sem var vel sótt. Þar voru helstu hugðarefni íbúa rædd og var áberandi að íbúar af erlendu bergi brotnir voru duglegir að mæta og taka þátt í umræðum. Mikið hafði verið lagt upp úr að kynna verkefnið á meðal íbúa á erlendum tungumálum enda fjölmenningsamfélag á Bakkafirði. Verkefnið var í framkvæmda-/lokaáfganga Brothættra byggða á árinu 2024. Langesbyggð óskaði á árinu 2023 eftir framlengingu á verkefninu um eitt ár, til loka árs 2024. Stjórn Byggðastofnunar ákvað að samþykka erindið og því dró Byggðastofnun sig í hlé úr verkefninu um áramót 2024-2025. Lokaíbúafundur með þátttöku Byggðastofnunar var haldinn í maí 2025.

Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar er Romi Schmitz. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri Langesbyggðar

Sigurður Guðmundsson, oddviti Langesbyggðar

Hildur Halldórsdóttir, fulltrúi SSNE

Mariusz Mozejko, fulltrúi íbúa

Gunnlaugur Steinarsson, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun



Frá íbúafundi á Bakkafirði

Meginmarkmið Betri Bakkafjarðar

- Sterkir samfélagsinnviðir
- Öflugt atvinnulíf
- Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar
- Skapandi mannlíf

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið.

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Sjá nánar um verkefnið Betri Bakkafjörð í ársskýrslu verkefnisstjóra, [hér](#).

Í viðauka I má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2024.

Styrkt verkefni

Á árinu 2024 var úthlutað 10.500.000 kr. úr verkefninu Betri Bakkafjörður til tólf samfélagsefandi verkefna á Bakkafirði. Frestur til að skila inn umsóknum var til 23. janúar 2024 og bárust samtals 14 umsóknir um styrki. Af verkefnum sem hlutu styrk voru fimm leidd af konum og sjö af körlum. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins.

Verkefnin og styrkupp hæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Grásleppan 2024	Bakkasystur ehf.	Skipulagning og framkvæmd uppskeru- hátíðar grásleppuvertíðar 2024. Vakin athygli á hráefni sem atvinnusaga Bakkafjarðar byggir á. Lífi blásið í hátíðarhöld í kringum sjómannadag.	1.100.000
Sögusýning, margmiðlun og varðveisla	Bakkasystur ehf.	Framhaldsverkefni sem byggir á fyrra verkefni „Gunnólfsvíkurfjallið er svo blátt“. Yfirfærsla heimilda á stafrænt form.	600.000
Útivist, heilsa, umhverfi og núvitund	Jóhanna Magnúsdóttir	Upplifunarferðapjónusta. Heildræn upplifun gesta. Búnaðarkaup, heitur pottur.	1.000.000
Umhverfis- og öryggismál	Bjargvættir ehf.	Framhaldsstyrkur fyrir uppbyggingu á gistiheimilinu Bjargi. Umhverfis- og öryggismál m.a. brunavarnir og fl.	500.000
Velkomin til Hafnar! Skiltagerð	Langanesbyggð	Dvalarsvæði við Hafnartangann, þróun áfangastaðar fyrir ferðamenn, uppsetning upplýsingaskilta við útilistaverk.	700.000
Fuglaskoðunarskýli við Finnafjarðará	Reimar Sigurjónsson	Uppsetning og smíði fuglaskoðunarhúss úr rekaviði við ósa Finnafjarðarár. Verkefnið tengist Fuglastígnum á Norðausturlandi sem miðar að því að þróa svæðið sem kjörsvæði fuglaáhugafólks.	1.000.000
Samræmd upplýsingaskilti á Bakkafirði	Svanhildur Arnmundsdóttir	Fjölgun upplýsingaskilta á og í kringum Bakkafjörð s.s. við Tangann, Draugafoss, Steintún, Skeggjastaðakirkju og í Stapavík. Verkefnið styrkt um tvö skilti.	1.000.000
Smalahundapjálfun	Krzysztof Krawczyk	Bæta aðstöðu til að gæta og þjálfra smalahunda í einangruðum gámi, smíði innréttinga og uppsetning girðinga. Kennsla í smalahundapjálfun.	1.600.000
Frisbíggolf á Bakkafirði	Víðir Már Hermannsson	Framhaldsverkefni, ljúka við gerð frisbíggolfvallar m.a. uppsetning undirstaða fyrir spilara sem á vantar.	700.000
Afþreyingarþjónusta North East Travel ehf.	Nort East Travel ehf.	Fjölgun afþreyingarmöguleika. Fjórhjólaferðir á Bakkafirði og nærliggjandi svæðum, styrkur veittur til markaðssetningar og uppfærslu heimasíðu.	900.000

Bakkafest 2024	North East Travel ehf.	Árleg hátíð á Bakkafirði sem skapar forsendur fyrir öflugustu ferðahelgi sumarsins til Bakkafjarðar. Hátíðin hefur laðað að fjölmarga gesti og var haldin í þriðja sinn á árinu 2024.	900.000
Bergholt	Bergholt 1 ehf.	Framhaldsverkefni, endurbætur á elsta steinhúsinu á Bakkafirði, m.a. nýtt þak og einangrun. Veittur var hvatningarstyrkur.	500.000
			Samtals kr. 10.500.000

Fundir

Verkefnisstjórn hélt fimm formlega fundi á árinu. Verkefnisstjóri hefur einnig setið fundi hverfisráðs Bakkafjarðar og þá eru haldnir reglulegir fundir starfsmanna SSNE.

Íbúafundur var haldinn á Bakkafirði í október á vegum Betri Bakkafjarðar. Á fundinum kom fram að hann var haldinn í skugga erfiðrar umfjöllunar um byggðarlagið. Fyrst og fremst var hann þó haldinn til að fara yfir árangur í verkefninu og ræða tækifæri næstu missera og ára. Verkefnisstjóri, Romi Schmitz, fór yfir stöðu markmiða og nokkrir styrkþegar greindu frá fjölbreyttum frumkvæðisverkefnum. Í lok fundarins urðu umræður um mikilvægi fiskveiða og vinnslu fyrir samfélagið á Bakkafirði og um þá uppbyggingu sem hefur orðið hjá Fiskvinnslunni Bjargi á verkefnistímanum. Varðandi það hvernig Langesbyggð mun fylgja verkefninu eftir er einkum horft til tengsla við Kistuna og hefur Langesbyggð þegar ráðið starfsmann til að fylgja verkefninu Betri Bakkafirði eftir. Með því er leitast við að búa þannig um hnútana að hægt verði að festa árangurinn sem þegar hefur náðst í sessi, jafnt sem að stefna að því að verkefnið verði sjálfbært þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi dregið sig í hlé í árslok 2024.

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Betri Bakkafjarðar

Árið 2024 byrjaði með því að skipuleggja endurnýjun skrifstofuhlutans í Grunnskólanum á Bakkafirði, og styrk að upphæð 12,5 milljónir króna frá C.01 lið Byggðaáætlunar var veitt í þetta verkefni. Markmið þess er að bæta aðstöðuna og stuðla að auknu frumkvæði, óstaðbundnum störfum og fjölbreyttum verkefnum í samfélaginu. Áætlað er að framkvæmdunum ljúki í janúar 2025 og verkefnið er unnið í góðu samstarfi við verkefnastjóra Kistunnar, Þekkingar-net Þingeyinga og þjónustumiðstöð Langesbyggðar.

Í apríl 2024 kom út skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Langesi, en niðurstöðurnar voru kynntar formlega í ágúst. Á fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með oddvita og sveitarstjóra Langesbyggðar þann 31. mars 2023 var farið yfir sýn sveitarfélagsins, þar sem fram kom það sjónarmið heimamanna að meginviðfangsefni svæðisins snúi öll að því að styrkja samkeppnisstöðu svæðisins til búsetu. Í kjölfarið ákvað umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að setja á fót starfshóp sem hafði það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála á Langesi, sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið. Tillögur

starfshópsins snúa meðal annars að friðlýsingu á hluta Langaness, til dæmis með stofnun þjóðgarðs, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Jafnframt verður hugað að bættu orkuöryggi svæðisins með tillögum sem varða dreifi- og flutningskerfi raforku, jarðhitaleit og aukna orkuöflun innan svæðisins.

Ánægjuleg sókn hefur verið í ferðapjónustu á Bakkafirði í sumar, og nýtingin á bæði tjaldsvæðinu og gistiheimilinu var góð. Sumarið bauð upp á glæsilega viðburði með fjölbreyttri dagskrá, þar sem Grásleppuhátíðin var m.a. haldin í annað sinn og bæjarhátíðin Bakkafest í þriðja sinn.

Reglulegar samverustundir eins og spilakvöld og vöfflukaffi voru vel sóttar og var stemningin mjög góð. Eigi að síður þurfti samfélagið að takast á við erfiðleika í sumar, sérstaklega í tengslum við úthlutun byggðakvóta, sem leiddi til þess að GPG hætti starfsemi á Bakkafirði í haust, auk neikvæðrar fréttaumfjöllunar um Bakkafjörð.

Íbúafundurinn sem haldinn var í byrjun október var vel sóttur og einkenndist af jákvæðni og góðum hugmyndum. Framtíðarsýn íbúanna snýst um fjölbreytt samfélag og nýsköpun á sviði atvinnu- og menningarlífs.

Samskipti og samstarf verkefnisstjóra við Bakkfirðinga hefur ávallt verið mjög gott. Verkefnisstjóri hefur þó tekið eftir því að stemningin meðal íbúanna er frekar þung og íbúar áhyggjufullir. Það vantar atvinnutækifæri, meiri hvatningu og stuðning innan samfélagsins, auk jákvæðari staðarímyndar. Verkefnisstjóri telur mikilvægt að einbeita sér að auðlindunum og styrkleikum staðarins og byggja framtíðarstefnumótun á þeim þáttum. Hann telur skynsamlegt fyrir sveitarfélagið að snúa sér að ákveðinni markaðssetningu sem gengur út á að laða ákveðinn markhóp að staðnum, sem kann að meta kyrrð, fegurð náttúrunnar og rólegt umhverfi, vill nota það til sköpunar og veitir staðnum ferskleika og jákvæð viðhorf. Slík markaðssetning mætti tengjast nýju fjarvinnurýmum og nýtingu þeirra. Byrjað er að íhuga nýja starfsstöð á Bakkafirði á vegum sveitarfélagsins og liggja einnig fyrir ákveðin verkefni, svo sem að flokka og varðveita gögn, koma hluta þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar fyrir á Bakkafirði og halda áfram að vinna í samráði við íbúana að jákvæðri þróun Bakkafjarðar.



Höfnin á Bakkafirði, Gunnólfsvíkurfjall í baksýn

Sterkar Strandir

Undirbúningur að verkefninu hófst á árinu 2019 en formlega var því fylgt úr hlaði á íbúðinginu sem haldið var í júní 2020. Í framhaldi af íbúðinginu vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúðpróunar, atvinnupátta og atvinnuþróunar auk sérstöðu byggðarlagsins. Niðurstöður íbúðingsins, stöðugreiningin auk annarra greininga sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið sem lögð voru fyrir íbúa til samþykktar á rafrænum íbúðafundi þann 12. nóvember 2020. Verkefnið var framlengt um eitt ár en upphaflega stóð til að samningar um það myndu renna út í lok árs 2023. Á viðbótarárinu 2024 nýttu íbúar sér Frumkvæðissjóð Sterkra Stranda vel og aldrei hafa fleiri umsóknir borist í sjóðinn. Byggðastofnun dró sig formlega í hlé úr verkefninu í árslok 2024 og lokaíbúðafundur var haldinn í febrúar 2025.

Markmið verkefnisins eru birt í verkefnisáætlun Sterkra Stranda sem er í raun stefnuskjal og leiðarljósið í allri framvindu verkefnisins. Verkefnisáætlun frá 2020 má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri verkefnisins Sterkar Strandir er Sigurður Líndal Þórisson. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi Strandabyggðar, janúar- nóvember

Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri, fulltrúi Strandabyggðar, desember-

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Magnea Garðarsdóttir, fulltrúi Vestfjarðastofu

Esther Ösp Valdimarsdóttir, fulltrúi íbúa

Guðrún Ásla Atladóttir, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Meginmarkmið:

- Sterkir innviðir og öflug þjónusta
- Stígandi í atvinnulífi
- Stolt og sjálfbært samfélag

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka II. má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2024. Sjá nánar um verkefnið Sterkar

Styrkt verkefni

Auglýst var eftir umsóknum í febrúar 2024. Um var að ræða fimmtu og síðustu úthlutun í verkefninu. Til úthlutunar voru að þessu sinni kr. 23.500.000 kr. Alls bárust 33 umsóknir um styrki og hafa aldrei verið fleiri. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 87.141.343. Fjöldi góðra umsókna barst en ekki var hægt að úthluta styrkfé til allra verkefna að þessu sinni þar sem heildarupphæð umsókna var mun hærri en það fé sem til úthlutunar var. Verkefnisstjórn Sterkra Stranda samþykkti styrkveitingu til 18 verkefna. Vanhæfnisreglna var gætt í hvívetna í ferlinu öllu. Verkefnin og styrkupphæð má sjá í töflunni:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupphæð
Aukið vöruúrval í Pakkhúsinu	Pakkhúsið Vík ehf.	Styrktur rekstrargrundvöllur með auknu vöruúrvali. Styrkur veittur til breytinga á húsnæði auk búnaðarkaupa, uppsetningu búnaðar og endurskipulagningar á húsnæði.	700.000
Galdur brugghús – Kuklið – frumkvöðla-setur matvæla	Galdur brugghús, Hólmavík	Uppbygging aðstöðu fyrir frumkvöðla í matvælavinnslu.	3.000.000
Equipment upgrade and growth	Aleksandar Kuzmanic	Búnaðarkaup í þeim tilgangi að auðvelda aukin afköst í framleiðslulínu brugghússins. Verkefnið er atvinnuskapandi.	2.500.000
Hagkvæmnisathugun v. steypustöðvar á Hólmavík	Ágúst Helgi Sigurðsson	Gerð fýsileikakönnunar og viðskiptaáætlunar vegna nýrrar fyrirhugaðrar steypustöðvar á Hólmavík.	600.000
Strandarætur	Úr sveitinni ehf.	Markaðsáttak, fjölgun söluleiða og þróun framsetningar á vörum/gulrótum, uppsetning sölustaðar/sjálfsafgreiðsluskála fyrir ferðamenn og heimafólk.	2.300.000
Trékylilisheiðin, utanvegahlaup	Skíðafélag Stranda-manna	Skipulag og framkvæmd utanvegahlaups yfir Trékylilisheiði í ágúst 2024, verkefni sem hvetur almenning til hollrar útiveru og hreyfingar, markaðssett á landsvísu.	300.000
Ráðstefnustaðurinn Strandir	Fjöl móður Fróðskaparfélag á Ströndum	Markaðssetning Stranda sem heppilegt svæði fyrir ráðstefnur á sviði menningararfs og fræðastarfs og renna styrkari stöðum undir Strandir sem miðstöð þjóðmenningar, styrkir um leið ferðaþjónustu á svæðinu.	350.000
Minningatorg og sögu-sýning við Sævang	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	Menningarverkefni snýr að því að setja upp minningarreit með útisýningu til heiðurs hjónunum Ragnheiði Lýðsdóttur og Benedikt Grímssyni við Sauðfjársetrið í Sævangi.	500.000
Norðurfjara	Ólafur Númason	Hönnun á Sláturhúsinu, í þeim tilgangi að glæða það aftur lífi með fjölbreytta atvinnustarfsemi og sveigjanlega nýtingu að leiðarljósi.	3.000.000

Fjárréttir fyrr og nú	Sauðfjársetur á Ströndum ses.	Safnarannsóknir og miðlun. Rannsókn á afmörkuðum þætti sauðfjárþúskaþar á landsvísu. Miðlun, sýning, málþing og vefsíða þar sem réttir á landsvísu verða kortlagðar með grunnupplýsingum.	500.000
Uppbygging á Smiðjunni	Hafðís Gunnarsdóttir	Uppbygging atvinnu á verkstæði í kjölfar falls Hólmadrangs, atvinnuuppbygging og þjónusta í byggðarlaginu í tengslum við viðgerðir og járnsmíði. Búnaðarkaup.	800.000
Strandagluggar og hurðir	Valgeir Örn Kristjánsson	Atvinnuskapandi verkefni. Framleiðsla og uppsetning á gluggum, fögum og útihurðum. Búnaðarkaup.	2.500.000
Leikrit í fullri lengd	Leikfélag Hólmavíkur	Uppsetning leikverks í fullri lengd á árinu 2024. Markmiðið er að sýna verkið sex sinnum.	250.000
Coproduction space at Kuklið - uppbygging aðstöðu	Fine Foods Íslandica ehf. og Sveppasmiðja ehf.	Uppbygging aðstöðu sem nýtist til vöruþróunar og sérhæfðrar framleiðslu á vörum úr náttúruafurðum. Styrkveiting skilyrt við kaup á búnaði.	2.200.000
Stofa	Röfn Friðriksdóttir	Framhaldsverkefni, standsetning fótaðgerðastofu á Hólmavík, m.a. kaup á tækjum og nauðsynlegum búnaði.	750.000
Bætt aðstaða í skíðaskála	Skíðafélag Stranda-manna	Áframhaldandi uppbygging skíðasvæðis í Selárdal. Tryggja áframhaldandi starf verkefnisstjóra og kaup á grunnbúnaði til skíðaiðkunar.	2.000.000
Kortlagning gönguleiða í nágrenni Hólmavíkur	Sögusmiðjan	Kortlagning gönguleiða sem styrkir ímynd svæðisins sem útivistarsvæði og getur haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu.	600.000
Galdrafár á Ströndum	Arnkatla lista- og menningarfélag	Skipulagning og framkvæmd viðburðar sem byggir á ímynd svæðisins, menningar- og ferðaþjónustuverkefni utan háannatíma.	750.000
			Samtals kr. 23.500.000

Fundir

Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri funduðu alls sjö sinnum með fjarfundabúnaði árið 2024. Það er sambærilegur fjöldi og undanfarin ár. Auk þess fundar verkefnisstjóri reglulega með sveitarstjóra, með öðrum verkefnisstjórum í Brothættum byggðum, svo eitthvað sé nefnt. Verkefnisstjóri hefur setið mikinn fjölda funda sem tengjast verkefninu með beinum eða óbeinum hætti, þ.m.t. fjölda funda með íbúum er varða ýmis verkefni sem þeim eru hugleikin og aðstoðað fyrirtæki og íbúa við ýmis tilfallandi verkefni.

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Sterkra Stranda

Við lok verkefnisins er tímabært að horfa yfir farinn veg og meta árangurinn, lærdóminn sem af verkefninu má draga og þær áskoranir sem verkefnið stóð frammi fyrir. Verkefnið, sem hófst árið 2020 í skugga heimsfaraldurs, hefur gengið í gegnum ótal breytingar og fyrirhitt bæði tækifæri og áskoranir sem endurspeglar bæði styrkleika og veikleika í möguleikum byggðapróunar á Ströndum.

Árangur og áskoranir

Verkefnið lagði grunn að mikilvægum breytingum og stuðlaði að varnarsigrum á svæði sem hefur lengi glímt við fólksfækkun og veikingu innviða. Þátttaka íbúa og frumkvæði heimamanna voru lykilatriði í þeim árangri sem náðist. Það er þó ljóst að meginmarkmiðið, að sporna við fólksfækkun, náðist ekki, en verkefnið náði að hægja á fækkuninni og skapa forsendur fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

Lokun Hólmadrangs árið 2023 var reiðarslag sem reyndi á þol og úthald samfélagsins, en aðgerðir til að mæta því, eins og stofnun Vilja – nýrrar fiskvinnslu, sýna hvernig samstaða og útsjónarsemi íbúa getur umbreytt áskorunum í tækifæri.

Áhugaverð þróun

Það sem hefur verið sérstaklega ánægjulegt er hvernig verkefnið hefur valdeflt íbúa. Verkefni eins og nýsköpun í matvælavinnslu, uppbygging menningarverkefna og efling ferðaþjónustu hafa leitt til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi og bættra lífsgæða í sýslunni.

Þó svo að fjárskortur og utanaðkomandi þættir hafi sett sín mörk á umfang verkefnisins, var hægt að greina þess merki að með réttum verkfærum og stefnumótun er hægt að byggja upp sjálfbær samfélög á landsbyggðinni.

Lærdómar og framtíðarsýn



Hólmavík



Frá lokaíbúafundi Sterkra Stranda - Jamie Lee kynnir verkefni um framleiðslurými fyrir matvælavinnslu.

Byggðapróun er flókið verkefni sem krefst bæði langtímasýnar og skýrra markmiða. Sterkar Strandir sýndu að byggðarlög sem glíma við brotthvarf íbúa og atvinnulífs þurfa öflugri stuðning og betri verkfæri. Það er von verkefnisstjóra að Brothættar byggðir fái í framtíðinni betri fjármögnun og raunsærri markmið sem byggja á reynslu þeirra verkefna sem þegar hafa verið unnin. Samhliða því er mikilvægt að fagna á þessum vettvangi þeirri miklu vinnu og þeim metnaði sem íbúar Strandabyggðar hafa sýnt í verkefnum sínum. Samfélagið hefur tekist á við áskoranir af seiglu og sköpunarkrafti.

Lokaorð verkefnisstjóra

Sterkar Strandir sýna vonandi til framtíðar að varnarsigrar í byggðapróun geti verið undanfarar mikilvægra breytinga og undirbúið jarðveginn fyrir varanlegar lausnir. Verkefnisstjóri óskar Strandabyggð velfarnaðar í áframhaldandi uppbyggingu og vonar að sá kraftur sem hefur einkennt verkefnið muni lifa áfram og styrkja samfélagið til framtíðar.

Lok verkefnis

Strandabyggð hefur nú tekið við verkefninu Sterkar Strandir og mun starfa áfram í anda þess í það minnsta eitt ár til viðbótar. Verkefnið hefur verið mikilvægt fyrir samfélagið. Það hefur lagt grunn að sjálfbærni í atvinnulífi, menningu og þjónustu, sem sveitarfélagið hyggst nýta áfram til að byggja á þeim árangri sem náðst hefur.

Sveitarstjóri mun leiða framhaldið með áherslu á að tryggja að þau verkefni sem sett voru af stað haldi áfram að þróast og verða samfélaginu til framdráttar. Meðal verkefna sem unnið verður að eru áframhaldandi styrking innviða, markaðssetning svæðisins sem aðlaðandi búsetukosts og stuðningur við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu.

Það er mikilvægt að Strandabyggð nýti sér þann kraft og metnað sem verkefnið hefur virkjað meðal heimamanna. Framhald verkefnisins felst einnig í því að tryggja að reynsla og lærdómur sem fengist hefur á tímabilinu nýtist til framtíðar. Vonir standa til þess að sveitarfélagið muni leggja áherslu á samráð við íbúa, auk þess að virkja stuðning annarra aðila, svo sem Byggðastofnunar og landshlutasamtaka. Samvinna af þeim toga kann að vera lykilatriði í því að tryggja áframhaldandi árangur.

Sterkar Strandir hafa verið mikilvægt skref í byggðaþróun á Ströndum. Vonast er til að áframhaldandi vinna muni styrkja samfélagið enn frekar og skapa trausta framtíð fyrir íbúa Strandabyggðar.

Sterkur Stöðvarfjörður

Stöðvarfjörður hóf þátttöku sína í byggðarþróunarverkefninu Brothættar byggðir í mars 2022. Svo sem verið hefur hófst þátttaka íbúa í verkefninu með vel heppnuðu íbúáþingi undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur hjá Ildi.

Stöðfirðingar hafa frá upphafi tekið virkan þátt í verkefninu og nýtt sér bjargir þess svo sem mögulegt er, ekki síst aðstoð verkefnisstóra við framgang hvers kyns framfaraverkefna. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu Sterkur Stöðvarfjörður er Valborg Ösp Árnadóttir Warén. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Alda Marín Kristinsdóttir, fulltrúi Austurbrúar, janúar - júní

Ásdís Helga Bjarnadóttir, fulltrúi Austurbrúar, júlí -

Bjarni Stefán Vilhjálmsson, fulltrúi íbúa

Bryngeir Ágúst Margeirsson, fulltrúi íbúa

Stefán Þór Eysteinnsson, fulltrúi Fjarðabyggðar

Valgeir Ægir Ingólfsson, fulltrúi Fjarðabyggðar, janúar - júlí

Haraldur Líndal Haraldsson, fulltrúi Fjarðabyggðar, ágúst -

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Meginmarkmið:

- Fyrirmyndar umhverfi
- Samheldið samfélag
- Öflugt atvinnulíf

- Sterkir innviðir

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka III má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2024.

Sjá nánar um verkefnið Sterkan Stöðvarfjörð í ársskýrslu verkefnisstjóra, [hér](#).

Styrkt verkefni

Opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar 15. janúar og umsóknarfrestur var til og með 15. febrúar. Alls bárust 23 umsóknir um styrki fyrir árið 2024. Til úthlutunar voru kr. 11.350.000. Heildarfjárhæð styrkumsókna nam kr. 27.903.200, en heildarkostnaður verkefna var 37.170.154 kr. Ákveðið var að veita styrki til 18 fjölbreyttra verkefna og var formleg úthlutunarathöfn haldin 21. mars. Verkefnin eiga það sameiginlegt að eiga sterkan hljómgrunn í verkefnisáætlun Sterks Stöðvarfjarðar. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Heimasíða, sala á netinu	Kaffi Kvörn	Koma upp heimasíðu þar sem hægt verður að panta kaffi fyrirtækisins sem og að skrá sig í áskrift.	650.000
Skemmtifélag og viðburðir	Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Ragnhildur Jónsdóttir og Silja Lind Þrastardóttir sækja um styrk í nafni Skemmtifélags Stöðvarfjarðar. Tilgangur umsóknar er kaup á búnaði til þess að geta skipulagt og haldið ýmsa viðburði á Stöðvarfirði.	700.000
3 d fræsari	Atomic Analog	Með kaupum á 3D fræsara er mögulegt fyrir Atomic Analog að byrja að byggja tæki fyrir stærri vörur úr annaðhvort tré, plasti eða áli svo dæmi séu nefnd.	500.000
Tækjakaup	Steðjistf ehf.	Með tækjakaupum eykst afkastageta fyrirtækisins og möguleiki á að taka að sér fleiri verkefni. Markmið verkefnisins eru fjárfestingar á þremur verkfærum sem koma að góðum notum fyrir byggingarvinnu út á verkstað sem og í framkvæmdir á verkstæði.	450.000
Keramik og kaffi	Rósa Valtingojer	Samstarfsverkefni Rósu og Kaffi-brennslunnar Kvarnar. Hannað verður kaffi-sett sem hentar til uppáhellingar og trekt úr leir. Fallegt og praktískt kaffisett framleitt og hannað á Stöðvarfirði.	800.000
Útílkamsrækt	Ungmennafélagið Súlan	Setja upp útílkamsræktartæki við göngustíg þar sem fólk getur staldrað við í falletgri náttúru og gert ýmsar æfingar ásamt því að setja upp skilti sem Göngufélag Suðurfjarða lét hanna með ýmsum æfingum og teygjum.	300.000

Ferðamannauppbygging á Stöðvarfirði	Óstofnað ferðamannafélag	Kosta kaup á til dæmis bekkjum og öðru til þess að bæta ásýnd og aðkomu að ýmsum áningarstöðum innan Stöðvarfjarðar.	300.000
Innrömmun og forvarsla Austurlands	Lukasz Stencel	Koma á fót innrömmun og forvörslu á listaverkum á Stöðvarfirði þar sem er vöntun er á slíku á Austurlandi.	850.000
Brunaveggur	Landatangi ehf.	Setja upp vegg á efri hæð hússins. Tilgangurinn er sá að nýta betur þetta rými og búa til betri aðstöðu fyrir smíðaverkstæðið sem er að koma sér fyrir á þessari hæð.	350.000
Kaffihús uppbygging	HJ ehf.	Bæta tækjakost á Café Saxa og einnig til að koma upp íssölu.	750.000
Brauðdagar	Kimi Tayler	Gera viðskiptaáætlun fyrir Brauðdaga sem er nýtt fyrirtæki hér á Stöðvarfirði og sérhæfir sig í bakstri á súrdeigsbrauðum og sendir heim til íbúa Stöðvarfjarðar.	900.000
Stodvarfjordur.is lokaáfangi	Guðmundur A. Hreinsson	Ljúka við gerð heimasíðunnar stodvarfjordur.is.	400.000
Minjagripur	Rósa Valtingoer	Hanna og setja á markað minjagrip þar sem fyrirmyndin er steinvalan sem fannst við fornleifauppgröftinn inn á Stöð sumarið 2023.	650.000
Heilsueflandi dagar á Stöðvarfirði	Solveig Friðriksdóttir	Halda tvo heilsueflandi daga á Stöðvarfirði, einn að vori og einn að hausti árið 2024, með léttri jóggagöngu, fræðslu um slökun og mikilvægi slökunar í daglegu lífi.	400.000
Framkvæmdir, Fræ, Sköpunareldhús	Sköpunarmiðstöðin	Standa straum af kostnaði við áframhaldandi framkvæmdir við gerð og uppsetningu á iðnaðareldhúsi á Stöðvarfirði.	1.650.000
Saga Stöðvarfjarðar	Hlynur Ármannsson	Undirbúa fyrsta áfanga ritunar á sögu Stöðvarfjarðar. Áhugi viðkomandi kviknaði á þessu verkefni þegar hann var að vinna að örnefnaskráningu staðarins sumarið 2023.	500.000
Office space 2. floor	Sköpunarmiðstöðin	Kaup á glerhurðum svo hægt sé að hólfa niður efri hæð miðstöðvarinnar en þar er ráðgert að koma upp aðstöðu fyrir störf án staðsetningar.	400.000
Stöðfirskir bátar og skip, annar áfangi	Sólmundur Friðriks-son	Klára að setja upp skiltin með upplýsingum um útgerðarsögu Stöðvarfjarðar við varnargarðinn við Sköpunarmiðstöðina.	800.000
			Samtals kr. 11.350.000

Þess má geta að fyrirtæki og félagasamtök eða hópar á Stöðvarfirði hafa einnig sótt um styrki í aðra styrktarsjóði á árinu. Eftirfarandi aðilar hafa fengið úthlutað styrkjum til frumkvæðisverkefna:

Umsækjandi	Verkefni	Sjóður	Styrkuppþæð
Sköpunarmiðstöðin	Sköpunarmiðstöðin	Uppbyggingarsjóður Austurlands	1.500.000
Kimi Tayler	Brauðdagar Deighús	Uppbyggingarsjóður Austurlands	800.000
Fræ Sköpunareldhús	Undirbúningur fyrir iðnaðareldhús í Sköpunarmiðstöðinni	Uppbyggingarsjóður Austurlands	800.000
Le Temple	Tiny Church Lodging	Uppbyggingarsjóður Austurlands	500.000
Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Aparóla á Balann	Samfélagssjóður Alcoa	300.000


Fundir

Verkefnisstjórn fundaði tíu sinnum í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams á árinu, auk þess að halda tvo fjarfundi í tengslum við úthlutanir úr Frumkvæðissjóði verkefnisins. Öll stjórnin hittist á Stöðvarfirði þann 29. ágúst í tengslum við íbúafund sem haldinn var sama dag. Fyrir fundinn fékk verkefnisstjórn kynningu á nokkrum styrktum verkefnum. Þar má t.d. nefna að Solveig Friðriksdóttir bauð fulltrúum verkefnisstjórnar í skemmtilega jólagöngu, Kaffibrennslan Kvörn og Brauðdagar Deighús buðu upp á veitingar og svo var endað á því að heimsækja Steinasafn Petru.

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra Sterks Stöðvarfjarðar

Hugleiðingar verkefnisstjóra

Sterkur Stöðvarfjörður hófst árið 2022 og mun því, að öllu óbreyttu, ljúka nú í enda árs 2025 (ath. hefur verið framlengt



Haustbirta við Stöðvarfjörð

út árið 2026). Verklag Brothættra byggða hefur haft jákvæð áhrif á samfélagið hér á Stöðvarfirði og mörg áhugaverð verkefni hafa sproutið upp, með aðstoð Frumkvæðissjóðs verkefnisins. Það mikilvægasta, er þó að íbúar eru orðnir meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð þegar kemur að því að efla samfélagið og aukið sjálfskraust sem fylgir því að sjá hugmyndir þeirra verða að veruleika. Það eru spennandi tímar hér á Stöðvarfirði og eru mörg áhugaverð verkefni í gangi.

Solveig Friðriksdóttir fékk styrk til að halda tvo heilsuefandi daga hér á Stöðvarfirði. Voru þetta námskeið þar sem boðið var upp á fyrirlestra, jógagöngur og slökunarstund með hreinu kakói.

Brottluttir Stöðfirðingar hafa verið að vinna að áhugaverðum verkefnum sem snúa bæði að því að viðhalda sögu staðarins. Hlynur Ármannsson er að undirbúa Sögu Stöðvarfjarðar og Sólmundur Friðriksson hefur unnið að sögu útgerðar á Stöðvarfirði og afrakstur verkefnisins eru skilti á varnargarðinum við Sköpunarmiðstöðina. Þar sló hjarta útgerðar Stöðvarfjarðar hér á árum áður og því viðeigandi staður fyrir upplýsingaskilti um stöðfirska báta og skip.

Vinna við Fræ Sköpunareldhús heldur áfram en eldhúsið er hugsað sem opið eldhús fyrir matvælaframleiðendur á Austurlandi. Markmiðið er að bjóða upp á aðstöðu þar sem frumkvöðlar og fyrirtæki í matvælageiranum geta nýtt sér sameiginlegan búnað og rými til framleiðslu, tilrauna og þróunar. Þetta er stórt og viðamikil verkefni sem þarf mikinn



Höfnin á Stöðvarfirði, Sútur og Lambafell í baksýn

stuðning en mun, þegar fram líða stundir, gegna mikilvægu hlutverki á Stöðvarfirði og verða atvinnuskapandi.

Annað stórt framfaraskref er lagning ljósleiðara á Stöðvarfirði, sem mun bæta nettengingu til muna. Samkvæmt undirrituðum samningi Fjarðabyggðar við Mílu, á að klára að leggja ljósleiðara hér á Stöðvarfirði sumarið 2025. Þetta er gífurlega mikilvægt fyrir stað eins og Stöðvarfjörð og opnar á mörg áhugaverð tækifæri og styður einnig vel við núverandi fyrirtæki. Þetta gríðarlega mikilvæga framfaraskref mun án efa hjálpa til við að styrkja og efla Stöðvarfjörð. Verið er að byrja á því að koma upp samvinnurými á efri hæð í Sköpunarmiðstöðinni, sem mun bæta aðgengi að aðstöðu fyrir frumkvöðla og sjálfstætt starfandi einstaklinga. Samvinnurýmið mun einnig skapa aðstæður sem auðvelda óstaðbundin störf, með háhraðanettengingu og tækjabúnaði sem hentar fyrir fjarvinnu. Það er einnig mjög ánægjulegt hversu vel Fjarðabyggð stóð að þessu máli, vann það hratt og vel og næsta sumar verður kominn ljósleiðari í hvert íbúðarhúsnæði í bænum.

Verslunarleysi hér í bænum hvílir þungt á íbúum og ofan á það bætist að engin starfsemi er á Kaffi Saxa. Stöðfirðingum sviður að sjá tvö húsnæði standa hér auð.

Eins áður hefur komið fram, þá er 2025 síðasta ár Stöðvarfjarðar í verkefninu Brothættar byggðir. Bæjarráð Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum rétt fyrir jól að sækja formlega um framlengingu á verkefninu. Það er þó háð samþykki stjórnar Byggðastofnunar. Að mati verkefnisstjóra er verkefnið Sterkur Stöðvarfjörður að styrkja samfélagið og skapa hér varanleg tækifæri. Með áframhaldandi stuðningi verður Stöðvarfjörður betur í stakk búinn til að dafna og blómstra sem sjálfbært og skapandi samfélag til framtíðar. (aðhs. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti framlengingu út árið 2026)



Frá íbúafundi á Stöðvarfirði



Frá íbúafundi á Stöðvarfirði - kynning á starfsemi Brauddaga deighúss

DalaAuður hófst með íbúáþingi í mars 2022 og verkefnið hafði því staðið í þrjú ár í lok árs 2024. Á þessum tímum þremur árum hefur margt jákvætt átt sér stað í verkefninu og byggðarlaginu. Íbúar hafa sýnt mikinn kraft og þátttökuvilja og verið virkir í hinum ýmsu frumkvæðisverkefnum og á þeim viðburðum sem haldnir hafa verið í tengslum við DalaAuð. Sveitarfélagið hefur verið leiðandi í að innleiða óskir íbúa inn í starfsáætlanir sínar. Gerð var verkefnisáætlun fyrir DalaAuð eftir íbúáþing sem samþykkt var á íbúafundi sama ár, þ.e. 2022 og var hún síðan yfirfarin og endurskoðuð á íbúafundi haustið 2023 og haustið 2024. Í verkefnisáætlun eru sett fram markmið og aðgerðir sem verkefnisstjóri og verkefnisstjórn DalaAuðs hafa unnið samhent að ásamt íbúum. Samtals hafa 60 frumkvæðisverkefni hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs og hafa verkefnin verið á sviði nýsköpunar, félagsmála eða mannlífs. Þá sóttu SSV og Dalabyggð um styrki í sjóði Byggðaaáætlunar og fengu samtals fjóra styrki til verkefna í Dalabyggð snemma á árinu 2023. Einkar ánægjulegt er að geta þess að í íbúakönnun landshlutanna 2023 sem birt var í júní 2024², hækkuðu Dalir mest allra byggðarlaga á milli kannana í mati á búsetuskilyrðum. Með þátttöku í verkefninu DalaAuði blésu sveitarfélagið og íbúar Dalabyggðar til sóknar og er strax farið að gæta bjartsýni í byggðarlaginu.

Verkefnisáætlun DalaAuðs má sjá [hér](#).

Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri DalaAuðs er Linda Guðmundsdóttir. Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri, formaður stjórnar

Páll S. Brynjarsson, fulltrúi SSV

Ólafur Sveinsson, fulltrúi SSV

Bjarnheiður Jóhannsdóttir, fulltrúi íbúa

Jón Egill Jóhannsson, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun

Helga Harðardóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Meginmarkmið:

- Samkeppnishæfir innviðir
- Skapandi og sjálfbært atvinnulíf
- Auðugt mannlíf
- Öflug grunnþjónusta

Undir hverju meginmarkmiði eru skilgreind mælanleg starfsmarkmið, sjá nánar í verkefnisáætlun, [hér](#).

Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í viðauka IV má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2024. Sjá nánar um verkefni DalaAuð í ársskýrslu verkefnisstjóra, [hér](#).

Styrkt verkefni

Opnað var fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð DalaAuðs 1. febrúar 2024. Alls bárust 21 umsókn að þessu sinni. Veittir voru samtals 18 styrkir til fjölbreyttra verkefna og nam styrkfjárhæð til úthlutunar alls kr. 18.375.000. Heildarfjárhæð umsókna nam kr. 25.350.695. Sjö konur sóttum um styrki, 11 karlmenn sóttu og í þremur verkefnum eru bæði karlar og konur skráð fyrir umsókn. Hlutur karla var þannig heldur stærri að þessu sinni. Sjá má yfirlit yfir styrkt verkefni í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
Er líða fer að jólum	Alexandra Rut Jóns-dóttir	Verkefnið felst í að skipuleggja og halda jólatónleika í Dalabúð, Búðardal í desember 2024.	300.000
Leifur 970	Rain Adriann Maison	Myndskreyting, texti og þýðingar á barna-bók ætluð 4 til 10 ára börnum, sem verður um 22 síður og fjallar um lífshætti barna á landnámsöld, með fjölskyldu Eiríks rauða á Eiríksstöðum sem kjarna.	300.000
Hljómbrot	Sönghópurinn Hljóm-brot	Sótt um styrk fyrir starfinu og tónleikahaldi veturinn 2024-2025	310.000
Vetrardagskrá Sögufélagsins	Sögufélag Dalamanna og Kruss ehf.	Sótt er um styrk fyrir vetrardagskrá sögu-félagsins og námskeiðshaldi. Félagið hefur m.a. staðið að bókakynningum, kvöldvökum og upplestri.	310.000
Tindar og Ránargil – stikun og vegvísir	Jóhanna Sigrún Árnadóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir	Árið 2024 er stefnt að því að stika leiðina um Tinda og leiðina að Ránargili og gera aðkomu og upphaf leiðanna skýrari fyrir þeim sem ekki þekkja til þeirra.	465.000
Fjársjóðir Fells-strandar	La Dolce Vita ehf.	Viðburðaröð sem haldin verður frá apríl-september 2024. Á dagskrá er að halda a.m.k. fjóra ólíka viðburði sem draga eiga sérstöðu svæðisins fram og beina sjónum að fjár-sjóðum Fellsstrandar.	600.000
Listviðburðir í Dalíu	D9 ehf.	Tilgangur verkefnisins er að auðga mannlíf í Dalabyggð og nágrenni. Í boði verða tónleikar ýmissa listamanna ásamt öðru skemmtana-haldi, s.s. einleikur og uppistand.	600.000

Hvamsskel - Hvað er að gerast undir yfirborðinu?	Hvammsskel ehf.	Tilgangur verkefnisins er að gera tilraun með að tæknivæða eftirlitshlutann í skelræktinni með notkun flugdróna og neðansjávardróna með gps sendum sem festir verða á ræktunarlínurnar.	630.000
Matur er mannsins megin	Jón Egill Jóhannsson	Verkefnið snýst um að gera þeim matvælum sem ræktuð eru í héraði hátt undir höfði. Haldin verður uppskeruhátíð eftir árið.	750.000
Hátækni gróðurhús	Skoravík ehf.	Verkefnið snýst um að koma upp hátækniræktun í gámum staðsettum í þéttbýli Búðardals. Sótt er um styrk fyrir undirbúningi og kostnaði vegna uppsetningar gámsins.	900.000
Brekuskógur	Skógræktarfélag Dalasýslu	Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og ásýnd núverandi skógarsvæða nálægt Búðardal og efla þá sem áfangastaði fyrir ferðamenn og yndisauka fyrir heimafólk.	1.000.000
Uppsetning á leikverki	Leikfélag Laxdæla	Leikklúbbur Laxdæla stefnir á að setja upp leikverk vorið 2025 til sýningar á Jörfagleði. Einnig námskeið í leiklist og fá til þess kennara haustið 2024.	1.000.000
Fræhöll í Búðardal	Dalirnir heilla ehf.	Markmið verkefnisins er að fylgja eftir undirbúningsvinnu, sem m.a. var styrkt af DalaAuði á s.l. ári. Sótt er um styrk fyrir aðkeyptri vinnu ráðgjafa, meðal annars við uppsetningu á rannsóknaraðstöðu í gámum og við vinnu á kynningarefni fyrir fjárfesta.	1.000.000
Markaðssetning á Urði Ullarvinnslu	Rauðbarði ehf.	Tilgangur þessa verkefnis er að búa til markaðsefni fyrir ullarband úr ull sem er ræktuð, unnin og seld í Dalabyggð. Sótt er um styrk fyrir hönnun á umbúðum, prentara og hugbúnaði til að prenta umbúðir.	1.410.000
Fagradals-afurðir	Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir	Stefnt er að því að koma tveimur afurðum á markað úr geitamjólk – ostum og skyri.	1.800.000
Dagverðarneskirkja - áfangastaður utan alfaraleiðar	Bára Sigurðardóttir	Sótt er um fyrir hönnunarkostnaði á endurbótum og betra aðgengi að kirkjunni.	2.200.000
Dalahvítlaukur	Svarthamar Vestur ehf.	Sótt er um fyrir stækkun þurrkhúss í takti við aukningu á framleiðslu. Einnig sótt um fyrir vinnuframlagi.	2.300.000
Jólasveinarnir eru úr Dölunum	Kruss ehf.	Verkefnið snýst um að gera jólasveinunum og tengingu þeirra við Dalina hátt undir höfði. Nú sótt um framkvæmdastyrk fyrir uppsetningu á þremur stuðlum með upplýsingum.	2.500.000
			Samtals kr. 18.375.000

Nýsköpunar- og frumkvæðisverkefni á sviðum lista- og félagsstarfs hafa tekið kipp með tilkomu Frumkvæðissjóðs DalaAuðs og ánægjulegt er að sjá að fjölmargir frumkvöðlar hafa leitað í stærri sjóði til að fylgja eftir og fjármagna



Frá íbúafundi í Dalabyggð - kynning á starfsemi Hvammsskeljar

hugmyndir sínar. Þó nokkur verkefni fengu styrk úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands árið 2024:

Umsækjandi	Verkefni	Uppbyggingarsjóður, tegund styrks	Styrkupp hæð
Rauðbarði ehf.	Urður ullarvinnsla	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur	2.000.000
Laugardalur í allri sinni dýrð	Guðlaugur S. Sigurgeirsson	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur	1.500.000
Dalahvítlaukur	Svarthamar Vestur ehf.	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur	1.000.000
Hátæknigróðurhús	Skoravík ehf.	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur	1.200.000
Örplöntuframleiðsla á Hrymi	Hólshlíð ehf.	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur	1.000.000
Framleiðsla úr sjávarmosa	Kumasi Máni Hodge-Carr	Atvinnu- og nýsköpunarstyrkur	700.000
Past in Flames – Eldhátíð á Eiríksstöðum	History Up Close ehf	Menningarstyrkur	1.000.000
Listviðburðir í Dalíu	D9 ehf.	Menningarstyrkur	400.000
Menningardagskrá Nýp: Málþing, sýning, kynning á verkstæði	Penna sf.	Menningarstyrkur	400.000
Er líða fer að jólum	Alexandra Rut Jónsdóttir	Menningarstyrkur	300.000
History Up Close	Eiríksstaðir rekstur 2024	Stofn- og rekstrarstyrkur	1.000.000
Vínlandssetur ehf.	Rekstur Vínlandsseturs 2024	Stofn- og rekstrarstyrkur	1.000.000

Fleiri áhugaverð verkefni hafa hlotið styrki á síðustu árum. Gerð er grein fyrir þessum stuðningi og verkefnum í ársskýrslu verkefnisstjóra fyrir árið 2024, sjá [hér](#).

Fundir

Verkefnisstjórn fundaði eftir þörfum á árinu og yfirleitt á fjarfundum. Samtals voru almennir fundir fimm talsins árið 2024, þar af einn staðfundur stjórnar sem haldinn var í Dalabyggð. Þá voru haldnir tveir fundir að auki vegna vinnu við úthlutun úr Frumkvæðissjóði.

Í gegnum verkefnistímabilið hefur verkefnisstjórn verið bakland verkefnisstjóra og stutt við verkefnið með virkum hætti. Verkefnisstjórn hefur tekið þátt í undirbúningi íbúafunda og úthlutunarviðburða, unnið að stefnumótun verkefnisins út frá samtölum á íbúafundum og séð um að úthluta úr Frumkvæðissjóði. Gott samstarf og mikil virkni hefur einkennt starf verkefnisstjórnar frá upphafi.

Íbúafundur var haldinn 17. október og þar gafst íbúum tækifæri til að leggja fram sínar áherslur og endurskoða markmið verkefnisáætlunar. Auk íbúafundar voru haldnir ýmsir opnir fundir, viðburðir og kynningar.

DalaAuður og sveitarfélagið Dalabyggð vinna saman að því að halda uppi reglulegri fræðslu í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar, auk þess sem setrið er vettvangur samráðs. Árið 2024 voru haldin kaffisþjöll um ýmis málefni, t.d. um kirkjur í Dölum og vörumerki fyrir afurðir unnar í Dölum. Sveitarfélagið nýtti þennan vettvang einnig og hélt kaffisþjall með nefndum sveitarfélagsins, til að brúa bilið milli stjórnsýslu sveitarfélagsins og íbúa og auka þannig samráð við íbúa. Er þetta mjög flott nálgun hjá sveitarfélaginu og til eftirbreytni, því aðgerðir sem þessar víkka samtalið með íbúum og auka upplýsingaflæðið á milli allra aðila. Áhrifin sjáum við í íbúakönnun landshlutanna þar sem Dalabyggð skoraði hæst á landsvísu hvað varðar íbúalýðræði í síðustu könnun.

Opnir fundir voru haldnir í tengslum við ákveðin verkefni eða með ákveðnum hópum, t.d. voru tveir samráðsfundir haldnir með eldri borgurum á árinu, haldinn var íbúafundur í tengslum við verkefnið Dalabyggð í sókn og sveitarfélagið hélt opna fundi vegna fjárhagsáætlunargerðar og þjónustustefnu sinnar.

Ýmsar kynningar voru einnig á boðstólum og má segja að framboð námskeiða og fræðslu hafi verið mikið, líkt og árið á undan. Að jafnaði voru einn til tveir fræðsluviðburðir á mánuði í Nýsköpunarsetrinu yfir vetrartímann, auk þess sem íbúar skipulögðu einnig ýmsa fræðslu eða kynningar. Fræðslan var ýmis konar, t.d. var haldið námskeiði í sagnamennsku og sagnavaka, námskeiði í verkefnisstjórnun, fræðsla og kynning á skógrækt og skjólbeltagerð og margt fleira áhugavert. Almennt voru fræðsluviðburðir vel sóttir.

Félagsstarf og viðburðastarf á sviði menningar var einnig áberandi gott þetta árið og áttu íbúar heiðurinn af þeirri



Heimsókn til Þorgríms á Erpsstöðum í tengslum við íbúafund í Dalabyggð í október 2024

grósku allri.

Úr ársskýrslu verkefnisstjóra DalaAuðs

Í hugleiðingu síðustu ársskýrslu kom fram mikilvægi þess að huga að húsnæðisuppbýggingu í byggðarlaginu. Þá hafði verkefnisstjóri ásamt fulltrúum íbúa verið nýbúinn að sitja fund með ungu fólki og voru húsnæðismálin þeim efst í huga. Það er einstaklega ánægjulegt að sjá framfarir í þessum málaflokki á milli ára. Nú er unnið hörðum höndum að því að bjóða hér upp á lóðir fyrir um 40 íbúðaeiningar. Sveitarfélagið Dalabyggð á hrós skilið fyrir þá vinnu.

Það verkefni sem var kannski mest áberandi hjá sveitarfélaginu er þó bygging nýs íþróttamannvirkis en bygging þess hófst á árinu. Þetta er verkefni sem íbúar Dalabyggðar, ekki síst þeir af yngstu kynslóðinni, bíða eftir. Er góður gangur í uppbýggingunni og ráðgert að íþróttamannvirkin verði tilbúin árið 2026. Þetta verkefni, ásamt nýju lóðaskipulagi eflir stöðu byggðarlagsins og býður upp á þá möguleika að hér verði hægt að fjölga íbúum.

Vegamál eru og verða áfram ofarlega á forgangslistanum yfir þau verkefni sem brýnt er að ríki vinni að. Samgöngur í Dalabyggð bera þess merki að vera fjársveltar til langs tíma og vegir víðs vegar illa farnir. Hluti slitlags var fræst upp og vegum breytt í malarvegi vorið 2024 vegna slæmra bikblæðinga og hola. Þá var samgönguáætlun vonbrigði eins og hún var lögð fram en í henni var gert ráð fyrir aðeins brotabroti af framlagi ríkisins til vegamála á Vesturlandi. Þessu máli hafa SSV og Dalabyggð fylgt eftir. Íbúar hafa einnig tekið virkan þátt í að benda á það sem betur má fara í vegamálum í Dölunum. Vonum að ríkisvaldið hlusti á raddir íbúa og bæti úr samgöngum á svæðinu.

Landbúnaður hefur mikið verið í umræðu á landsvísi á árinu. Þessi mikilvægi atvinnuvegur þarf stöðugt að minna á



Frá hópaumræðum á íbúafundi í Búðardal

mikilvægi sitt á sama tíma og umræðan um sjálfbærni í matvælaframleiðslu verður sífellt háværari. Landbúnaður er ein af grundvallar atvinnustöðum Dalabyggðar og er það byggðarlaginu mikilvægt að búið sé í dreifbýlinu ekki síður en í þéttbýlinu. SSV ásamt öðrum landshlutasamtökum hafa bent á hamlandi áhrif gullhúðunar í regluverki varðandi matvælaframleiðslu. Mikilvægt er að gefa frumkvöðlum og smáframleiðendum rými til að þróa og framleiða vörur sínar. Það eflir dreifbýlið og eykur framboð á vörum úr sveitum landsins.

Þó svo að það sé brýnt að halda á lofti þessum málum, ásamt samgöngu-, fjarskiptamálum og öðru sem ber að laga, þá er einnig mikilvægt að halda á lofti öllu því jákvæða sem er að gerast í Dölunum. DalaAuður hefur haft jákvæð áhrif á samfélagið í Dalabyggð. Með mikilli þátttöku íbúa og góðu samstarfi sveitarfélagsins, Byggðastofnunar og SSV hefur tekist að hrinda í framkvæmd fjölmörgum spennandi verkefnum. Frumkvæðissjóðurinn hefur stutt við 60 verkefni sem hafa eftir atvinnulíf, menningu og samfélagsanda í Dölunum. Fræðsla, viðburðir og samráð hafa blómstrað og nýsköpun verið í forgrunni. Það er ljóst að Dalabyggð er á réttri leið. Framhaldið er bjart og spennandi, og það er augljóst að Dalamenn ætla sér áframhaldandi uppbyggingu með samstöðu og hugmyndaauðgi að leiðarljósi.

Það er með þakklæti fyrir gott samstarf allra aðila og með bjartsýni fyrir framtíð Dalanna og Dalamanna sem verkefnisstjóri lýkur þessum hugrenningum.

Byggðarlög sem hafa lokið þátttöku í Brothættum byggðum

Ellefu byggðarlög hafa nú formlega lokið þátttöku í verkefninu, þ.e.a.s. Byggðastofnun hefur dregið sig út úr verkefnunum skv. samningum. Þau eru Raufarhöfn með verkefnið *Raufarhöfn og framtíðin*, Breiðdalur með verkefnið


Breiðdælingar móta framtíðina, Bíldudalur með verkefnið Bíldudalur- samtal um framtíðina, Skaftárhreppur með verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar, Hrísey með verkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar, Öxarfjarðarhérað með verkefnið Öxarfjörður í sókn, Borgarfjörður eystri með verkefnið Betri Borgarfjörður, Grímsey með verkefnið Glæðum Grímsey og Þingeyri og nærsveitir með verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar. Í lok árs 2024 dró Byggðastofnun sig í hlé úr verkefnunum Betri Bakkafirði og Sterkum Ströndum. Íbúafundir voru haldnir á fyrri hluta árs 2025 auk þess sem eftirfylgni verður með styrktum verkefnum, þar til allar lokaskýrslur hafa borist.



Myndirnar eru frá Baskasetrinu í Djúpavík í Árneshreppi

5. BREYTINGAR Á FJÖLDA ÍBÚA

Í Byggðaáætlun kemur fram að verkefninu er ætlað að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum. Því er eðlilegt að líta á þróun í íbúafjölda þátttökubbyggðarlaganna miðað við fyrsta janúar 1998-2025.



Staða byggðarlaganna er mjög misjöfn hvað varðar breytingar á íbúafjölda og við það bætist að þau hafa ýmist lokið verkefninu eða eru mislangt á veg komin. Í fljótu bragði séð virðist meirihluti byggðarlaganna eiga það sameiginlegt að tekið hefur að mestu fyrir hraða fækkun íbúa og jafnvægi náðst eða íbúum tekið að fjölga á ný m.v. upphafsár viðkomandi verkefnis. Fámennustu byggðarlögin, Árneshreppur, Grímsey og Bakkafjörður, hafa átt erfitt uppdráttar á undanförunum árum en á síðustu þremur árum hefur íbúum Árneshrepps á hinn bóginn fjölgað. Fækkun heldur því miður áfram á Bakkafirði ef frá er talið síðasta ár og viðvarandi fækkun er í Grímsey.

Af fjölmennari byggðarlögum sker þróun íbúafjölda í Strandabyggð sig nokkuð úr. Strandabyggð hefur glímt við

viðvarandi fækkun íbúa á þessari öld ef frá er talið tímabilið 2010-2014. Á undanförunum árum hafa orðið erfiðleikar í sjávarútvegi og á árinu 2023 var rækvinnslu hætt á Hólmavík. Fiskvinnsla hófst hins vegar á ný á Hólmavík á árinu 2024. Við bætast að miklir erfiðleikar voru í rekstri kaupfélagsins sem lyktaði með þroti félagsins á árinu 2020, skömmu áður en verkefnið Sterkar Strandir hófst. Byggðastofnun sleppti hendinni af verkefninu í lok árs 2024 en óskandi er að samfélaginu takist að snúa þessari neikvæðu þróun við.

Dalabyggð og Stöðvarfjörður hófu þátttöku í verkefninu á árinu 2022 og ef til vill of snemmt að draga ályktanir út frá breytingum á íbúafjölda. Íbúum Dalabyggðar hefur á hinn bóginn fækkað jafnt og þétt fram undir árið 2020 en sveiflast lítillega um svipaða stöðu síðan. Minni sveiflur eru á Stöðvarfirði en þó gefur fjöldinn heldur eftir. Fullyrða má að í báðum tilvikum hafa íbúar tekið höndum saman og vinna að verkefnunum af krafti.



Verkefnisstjórn Betri Bakkafjarðar skoðar Stélið - fuglaskoðunarhús við Finna fjörð smíðað af Reimari Sigurjónssyni

6. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Verkefni sem styrkt hafa verið frá upphafi verkefnisins eru fjölmörg og fjölbreytt og snerta margar hliðar atvinnulífs, menningar- og félagslífs í þátttökubbyggðarlögum. Hér getur að líta umfjöllun og örfá dæmi af mörgum um vel heppnuð frumkvæðisverkefni sem styrkt hafa verið úr sjóði Brothættra byggða á undanförunum árum. Fjöldi annarra verkefna hefði sómt sér vel á þessum lista.

FUGLASKOÐUNARHÚSIÐ STÉLIÐ Í FINNAFIRÐI - BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Reimar Sigurjónsson hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar á árinu 2024 til að koma upp sérsníðnu fuglaskoðunarskýli úr rekaviði. Fuglaskoðunarskýlið, sem ber heitið Stélið, er staðsett í landi Fells í Finnafirði, á sunnanverðu Langanesi, rétt við Finnafjarðará. Fuglaskoðunarskýlið stendur skammt frá búningsaðstöðu fyrir sjósundaðstöðu sem Reimar kom upp á síðasta ári og var einnig stutt af Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar. Verkefnið eflir uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu þar sem íbúar og aðrir gestir, áhugasamir um fugla, sjósund eða einfaldlega friðsælt og fallegt umhverfi, geta staldrað við og nýtt sér aðstöðuna. Auk þess er hægt að fá sér sjósundssprett örskammt frá og nýta þar glæsilega sjósundaðstöðu sem einnig er listasmíð úr rekaviði. Verkefnið tengist Fuglastígnum á Norðausturlandi sem miðar að því að þróa svæðið sem kjörsvæði fuglaáhugafólks.

[Hér](#) má sjá umfjöllun um verkefnið Betri Bakkafjörð og skoðunarferð þar sem fuglaskoðunarhúsið var m.a. heimsótt.

GRÁSLEPPAN, HÁTÍÐ - BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Hátíðin Grásleppan var haldin í annað sinn 1. júní 2024. Hátíðin hefur í tvígang hlotið styrk úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar. Hátíðin er í senn bæjarhátíð tengd sjómannadeginum og matarupplifun sem byggir á grásleppunni sem hráefni. Ýmis skemmtilegir viðburðir voru á dagskrá s.s. fjölskylduratleikur, sjómannadagsleikir og lifandi tónlist. Hápunkturinn var svo matarupplifun í Arnarbúð þar sem töfraðir voru fram nýstárlegir réttir úr grásleppu. Matarupplifunin er tengd verkefninu *Grásleppugæði sælgæti sjávar* sem unnið er í samstarfi Bakkasystra ehf., Bjargsins ehf. á Bakkafirði, ásamt Biopol ehf. á Skagatrönd og Háskólanum á Akureyri.

[Hér](#) má sjá umfjöllun mbl.is um Grásleppuhátíðina 2024. [Hér](#) má fylgjast með fésbókarsíðu verkefnisins en hátíðin var haldin síðast laugardaginn 31. maí 2025.

FRISBÍGOLF - BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Frumkvæðissjóður Betri Bakkafjarðar hefur í þriggung styrkt uppbyggingu frísbígolfvallar á Bakkafirði.

Nú er þar kominn skemmtilegur níu holu völlur fyrir íbúa og gesti, rétt fyrir ofan tjaldsvæðið. Hægt er að velja á milli byrjendateiga eða lengri teiga á hverri holu. Völlurinn er krefjandi, með langar brautir og talsverður hæðarmunur er á nokkrum þeirra. Frisbígolfvöllurinn er góð viðbót við afþreyingarmöguleika íbúa og gesta á Bakkafirði og hefur verið vel nýttur.

[Hér](#) er hægt að skoða fésbókarsíðu Frisbígolffélags Langesbyggðar.

KUKLIÐ, FRUMKVÖÐLASETUR MATVÆLA - UPPBYGGING AÐSTÖÐU - STERKAR STRANDIR

Kuklið, frumkvöðlasetur matvæla er spennandi nýsköpunarverkefni sem Frumkvæðissjóður Sterkra Stranda styrkti á árinu 2024. Styrkurinn var veittur til uppbyggingar aðstöðu sem nýtist til vöruþróunar og sérhæfðrar framleiðslu á vörum úr náttúruafurðum fyrir frumkvöðla í matvælaframleiðslu. Finnur Ólafsson er forsvarsmaður verkefnisins en unnið er að standsetningu húsnæðis í ónýttu rými þar sem áður var fiskvinnsla. Fyrirtækið Galdur Brugghús er einnig til húsa í sama húsnæði. Vinnslurýmið hefur nú fengið leyfi til reksturs eftir úttekt Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og meðal framleiðenda sem munu nýta vinnurýmið eru Fine Foods Islandica og Sveppasmiðjan.

GALDUR BRUGGHÚS - STERKAR STRANDIR

Galdur Brugghús er eitt af þeim verkefnum sem hlotið hefur styrki úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda undanfarin misseri til afmarkaðra verkþátta. Í annarri úthlutun Frumkvæðissjóðs Sterkra Stranda, árið 2021, hlaut verkefnið styrk fyrir viðskiptaáætlun um hugmyndina. Það eru þeir Finnur Ólafsson og Aleksandar Kuzmanic sem áttu hugmyndina að brugghúsinu. Síðan þá hefur fyrirtækinu vaxið fiskur um hrygg og með mikilli eljusemi er í dag starfrækt brugghús á Hólmarvík sem hefur getið sér gott orð en framleiðslan þykir umlukin kröftugum göldrum enda Strandir þekktar fyrir sögur af galdramönnum. Það er vel þess virði að kíkja í heimsókn í Galdur brugghús á leið um Strandirnar.

[Hér](#) má sjá myndband þar sem Finnur Ólafsson segir frá því hvaða þýðingu það hefur að hljóta styrk úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda fyrir nýskapandi verkefni. [Hér](#) má sjá heimasíðu Galdurs Brugghúss.

BÆTT AÐSTAÐA Í SKÍÐASKÁLA - STERKAR STRANDIR

Skíðafélag Strandamanna hefur í tvígang hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar til uppbyggingar á starfsemi sinni á skíðasvæðinu í Selárdal í Steingrímsfirði. Styrkirnir hafa meðal annars nýst til að bæta æfinga-aðstöðu og til að auka getu félagsins til að fjölga stórum viðurkenndum íþróttaviðburðum og námskeiðum. Jafnframt hafa styrkirnir nýst til kaupa á grunnbúnaði og til að bæta aðstöðu í skíðaskála. Starfsemi skíðafélagsins hefur vaxið á undanförunum misserum og mikill hugur í fólki að laða íbúa og gesti að góðri heilsuefingu við góðar aðstæður. Iðkendur koma flestir úr Strandabyggð, Reykhólahreppi og Kaldrananeshreppi.

Hægt er að fylgjast með Skíðafélagi Strandamanna [hér](#) og á fésbókarsíðu félagsins [hér](#).

STÖÐFIRSKIR BÁTAR OG SKIP - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Sólmundur Friðriksson ólst upp á Stöðvarfirði þegar útgerð var í miklum vexti og uppbygging mikil. Sólmundur fékk hugmynd um að gera sögu útgerðar á Stöðvarfirði skil skömmu eftir að byggðapróunarverkefnið Sterkur Stöðvarfjörður hóf göngu sína. Bróðir hans Sigurjón kemur einnig að verkefninu. Verkefnið snýr að upplýsingaöflun, hönnun og uppsetningu á skiltaröð þar sem upplýsingar um sögu þilbáta og skipa, sem gerð hafa verið út frá Stöðvarfirði, eru settar fram. Frumkvæðissjóður Sterks Stöðvarfjarðar hefur styrkt verkefnið í tvígang og hafa fyrstu skiltin nú verið sett upp á grjótagarðinum rétt neðan við Sköpunarmiðstöðina, einmitt á þeim stað þar sem miðpunktur útgerðar og vinnslu var.

[Hér](#) má sjá frétt um verkefnið sem birt var hjá Fiskifréttum í apríl 2024. [Hér](#) má sjá frétt af vef Austurfréttar í september 2023 um verkefnið.

BRAUÐDAGAR - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Brauðdagar - Deighús er nýtt sprotafyrirtæki sem hefur hafið starfsemi á Stöðvarfirði. Frumkvæðissjóður Sterks Stöðvarfjarðar veitti verkefninu styrk á árinu 2024. Það er frumkvöðullinn Kimi Tayler sem stendur að baki fyrirtækinu. Eins og nafnið gefur til kynna sérhæfir fyrirtækið sig í bakstri, m.a. á súrdeigsbrauðum og öðru góðgæti. Styrkurinn nýttist m.a. til vöruþróunar og markaðssetningar. Kimi hefur bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða upp á svokallaða smakkdaga þar sem íbúum hefur gefist tækifæri til að smakka á afurðunum og gefa þeim einkunn. Það er óhætt að segja að þetta nýja fyrirtæki hafi mælst vel fyrir enda fátt betra en að gæða sér á nýbökðu gómsætu bakkelsi í heimabyggð.

Hægt er að fylgjast með þessu skemmtilega fyrirtæki á Instagram undir heitinu [Brauðdagar](#).

SKEMMTIFÉLAG STÖÐVARFJARÐAR - STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR

Skemmtifélag Stöðvarfjarðar fékk styrk til viðburðahalds á árinu 2024 úr Frumkvæðissjóði Sterks Stöðvarfjarðar. Silja Lind Þrastardóttir og Ragnhildur Jónsdóttir eru í forsvari fyrir félagið. Að þessu sinni styrkti Frumkvæðissjóður Sterks Stöðvarfjarðar félagið til kaupa á búnaði og aðföngum til þess að geta skipulagt og haldið ýmsa viðburði á Stöðvarfirði. Þar má nefna bílabíó, hrekkjavökuhús, grillveislu, jólahitting og fleira. Markmið Skemmtifélagsins er að halda reglulega viðburði fyrir íbúa á öllum aldri í samfélaginu og stuðla að auknum afþreyingarmöguleikum í byggðarlaginu.

[Hér](#) má sjá fésbókarsíðu Skemmtifélags Stöðvarfjarðar þar sem m.a. er hægt fylgjast með viðburðum á vegum félagsins.

JÓLASVEINARNIR ERU ÚR DÖLUNUM, ÞRÍR STUÐLAR - DALAAUÐUR

Jólasveinaverkefnið er skemmtilegt nýsköpunarverkefni sem gengur út á það að gera jólasveinunum íslensku og

tengingu þeirra við Dalina hátt undir höfði, svo sem heiti verkefnisins ber með sér. Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum eru í forgrunni ásamt jólasveinunum þrettán. Hugmyndin er að nýta verkefnið til markaðssetningar á Dölunum og matvælum sem þaðan koma. Í því skyni eru áform um að settir verði upp þrettán „stuðlar“ (jólasveinar) víðsvegar í Dölunum þar sem fólk getur kynnst jólasveinunum og svæðinu sem þeir eru á með nýstárlegum hætti. Verkefnið hefur hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs í þrígang fyrir mismunandi verkþætti.

[Hér](#) má hlýða á frétt á vef ruv.is um verkefnið. [Hér](#) má sjá frétt um heimsókn jólasveinana á Bessastaði á vef forsetaembættisins. [Hér](#) má sjá frétt á vef ssv.is um verkefnið. [Hér](#) má sjá umfjöllun um verkefnið hjá Skessuhorni.

FRÆHÖLL - DALAAUÐUR

Verkefnið hefur undanfarin þrjú ár hlotið styrk úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs fyrir mismunandi verkþáttum. Í upphafi var styrkur veittur til að framkvæma forathugun á hagkvæmi þess að reisa fræhöll í Búðardal sem sérhæfði sig í fræframleiðslu á Hrymi, síðar vegna aðkeyprtrar sérfræðipjónustu og gerðar kynningarefnis fyrir fjárfesta og loks til uppsetningar rannsóknarhúss og/eða rannsóknaraðstöðu. Hrymur er öflugtrjátegund, lerkikynblendingur af rússnesku og evrópsku lerki sem þykir henta vel til skógræktar og kolefnisbindingar, enda harðgert afbrigði og mikil eftirspurn eftir því. Vonir standa til að verkefnið leiði til atvinnusköpunar í byggðarlaginu. Það er Franz Jezorski sem leiðir verkefnið en það er samstarfsverkefni nokkurra aðila.

[Hér](#) og [hér](#) má sjá umfjöllun Bændablaðsins um verkefnið.

AÐGENGI SKÓGA Í DALABYGGÐ - DALAAUÐUR

Vaskur hópur fólks í Skógræktarfélagi Dalasýslu hefur tekið höndum saman og unnið að bættu aðgengi almennings að skógum í Dalabyggð, Jakob K. Kristjánsson er í forsvari fyrir hópinn. Markmiðið er að bæta aðgengi og ásýnd núverandi skógarsvæða nálægt Búðardal og efla þá sem áfangastaði fyrir ferðamenn og til yndisauka fyrir heimafólk. Verkefnið hefur hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs til afmarkaðra verkefna. Meðal annars fyrir frumhönnun á skipulagi fyrir Brekkuskóg en nú liggur fyrir ítarleg frumhönnun og skipulagstillögur frá Verkfræðistofunni EFLU um svæðið. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við sveitarstjórn og samningur um uppbyggingu og umsjón Brekkuskógar var undirritaður á milli Dalabyggðar, Skógræktarfélags Dalasýslu og Skógaræktarfélags Íslands sumarið 2024. Stefnt er að því að Brekkuskógur verði svokallaður „Opinn skógur“.

[Hér](#) má sjá frétt um uppbyggingu Brekkuskógar á heimasíðu Dalabyggðar.

7. ATHUGUN Á VIÐHORFUM TIL VERKEFNISINS BROTHÆTTA BYGGÐA

Á undanförunum árum hefur verið gerð tilraun til að nálgast viðhorf íbúa og verkefnisstjórna til verkefnisins. Kannanir hafa verið gerðar meðal verkefnisstjórna í nokkur skipti og á árinu 2023 var gerð könnun meðal styrkhafa í Brothættum byggðum. Niðurstöður þeirrar könnunar eru um margt áhugaverðar og sýna m.a. fram á að styrkþegar telja þennan stuðning afar mikilvægan fyrir framgang þeirra verkefna.

Í nokkur skipti hafa verið gerðar kannanir í lok verkefna í Brothættum byggðum til að kanna viðhorf íbúa til ýmissa þátta verkefnisins. Þessar kannanir hafa gefið mikilvægar upplýsingar en aðeins í einu byggðarlagi hafði verið gerð sambærileg könnun í upphafi verkefnis. Nú hefur verið ákveðið að gera þær að föstum lið í verkefninu og þá bæði þegar verkefni hefst og við lok þess. Í lok ársins voru því lagðar kannanir fyrir íbúa á Bakkafirði og undirbúin könnun í Strandabyggð í ljósi þess að Byggðastofnun er að sleppa hendinni af þeim byggðarlögum. Jafnframt var lögð fyrir könnun í Reykhólahreppi í byrjun þess verkefnis. Niðurstöður eru birtar á vef Byggðastofnunar undir hverju byggðarlagi fyrir sig. Sjá könnun á Bakkafirði, [hér](#), könnun í Strandabyggð, [hér](#) og könnun í Reykhólahreppi, [hér](#).

Í íbúakönnunum er leitast við að afla sem gleggstra upplýsinga um viðhorf til verkefnisins en einnig til samfélagsins í hverju byggðarlagi. Í því sambandi var leitað til Vífils Karlssonar og Bjarka Þórs Grönfeldt um leyfi til að nota spurningar um félagssálfræðilega þætti sem fram koma í skýrslu þeirra [Byggðabragur: Félagsfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum frá 2024](#). Þetta er áhugaverð nálgun í ljósi þess að ætla má að tengsl séu á milli viðhorfa íbúa til síns samfélags og velgengni samfélagsins. Fróðlegt verður að bera saman upplýsingar sem fást úr könnunum fyrir og eftir verkefni Brothættra byggða er fram líða stundir.



Ekið um Gálmaströnd við Steingrímsfjörð í bláðskaparveðri

8. VIÐAUKAR

Viðauki I. Betri Bakkafjörður, staða starfsmarkmiða

I. Meginmarkmið: Sterkir samfélagsinnviðir						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 1.1: Sníða lausn í skóla- og vistunarmálum sem hentar börnunum og samfélaginu við Bakkafjörð fyrir árslok 2022, líkt og kveðið er á um í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins. Farnar verði nýjar leiðir sem geta nýst dreifðum byggðum og samræmast getu sveitarfélagsins Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.				X		Fjallað er um dagvistunar- og skólamál í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins vegna byggðar við Bakkaflóa. Sáttmállinn var staðfestur í ársbyrjun 2022. Þá er unnið að nýrri skólastefnu Langanesbyggðar.
Starfsmarkmið 1.2: Aðstoða fólk sem lengi hefur verið atvinnulaust við að komast aftur í virkni fyrir lok mars 2021.					X	Aflagt 2022. Með tilkomu nýrra rekstraraðila að fiskvinnslu á staðnum sköpuðust störf sem íbúar í atvinnuleit nýttu sér. Það má því segja að markmiðinu hafi verið náð.
Starfsmarkmið 1.3: Koma á fót kaffihúsi, veitingastað og pöntunarþjónustu fyrir 18. Október 2019. Ábyrgð: Rekstraraðili Hafnartanga 4.					X	Sveitarfélagið gekk til samninga við nýja rekstraraðila vegna reksturs á veitinga-, kaffihúsi og pöntunarþjónustu á árinu 2020.
Starfsmarkmið 1.4: Kanna möguleika á samstarfi við Orkusetun/Orkustofnun um áttak í orkusparandi aðgerðum á íbúðarhúsnæði, fyrir lok mars 2020. Ábyrgð: Verkefnisstjórn.					X	Farið var í áttak með íbúum árið 2020 samhliða því þegar Orkusjóður auglýsti eftir umsóknum til orkusparandi aðgerða. Níu umsóknir voru sendar til Orkusjóðs frá Bakkafirði og hlutu allar jákvæða afgreiðslu.
Starfsmarkmið 1.5: Vinna markvisst að því að auka sókn frumkvöðla í samfélaginu í styrktarsjóði fyrir utan verkefnið Betri Bakkafjörður. Að lágmarki verði komnir fjórir styrkir til verkefna í byggðarlaginu fyrir lok október 2020 Ábyrgð: Verkefnisstjórn.					X	Einstaklingar og fyrirtæki hafa haldið áfram að senda inn umsóknir í hina ýmsu sjóði á árinu. Nefna má Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra, og var eftir því tekið hversu margar umsóknir bárust að þessu sinni í Uppbyggingarsjóð af svæðinu.
Starfsmarkmið 1.6: Lokið verði við lagningu ljósleiðara í byggðina við Bakkaflóa á árinu 2019. Ábyrgð: Langanesbyggð.					X	Búið er að tengja byggðina á Bakkafirði við ljósleiðara sem lagður var í þorpið á árinu.
Starfsmarkmið 1.7: Kanna möguleika á að koma á fót heilsueflandi almennings-samgöngum innan sveitarfélagsins, þarfagreiningu lokið fyrir árslok 2022.				X		Vinna langt komin en ekki lokið. Íbúakönnun hefur verið framkvæmd og hluti þarfagreiningar.

Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.						
Starfsmarkmið 1.8: Styrkja hverfisráð Bakkafjarðar og horfa í þeim efnum til reynslu annarra fjölkjarna- og víðfeðmra sveitarfélaga. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við hverfisráð Bakkafjarðar.				X		Nýtt starfsmarkmið 2022. Formaður hverfisráðs og verkefnisstjóri heimsóttu á árinu Borgarfjörð Eystra og kynntu sér reynslu þar af heimastjórn. Í kjölfarið skiluðu þeir af sér minnisblaði og kynntu í hverfisráði. Frekari umræða ekki farið fram en hverfisráð fundaði reglulega á árinu og tók virkan þátt í að forgangsraða verkefnum og koma á framkvæmdaáætlun Langanesbyggðar.
II. Meginmarkmið: Öflugt atvinnulíf						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 2.1: Komin verði viðbótar sértækur byggðakvóti í farveg fyrir lok nóvember 2019. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og Bygðastofnun.					X	Fyrirtæki í sjávarútvegi á Bakkafirði fengu úthlutað byggðakvóta sem skapað hefur atvinnu á staðnum.
Starfsmarkmið 2.2: Komin verði tvö <u>fiarvinnslustörf</u> í Grunnskólahúsinu á Bakkafirði fyrir lok júlí 2023. Þá verði möguleikar skoðaðir á að koma upp vinnuáðstöðu fyrir óstaðbundin störf. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við Langanesbyggð.				X		Þjóðskjalasafn Íslands auglýsti til umsóknar tímabundið starf á Bakkafirði við skráningu sóknarmannatala. Starfið byggir á styrksamningi Þjóðskjalasafns Íslands við Bygðastofnun f.h. innviðaráðherra, með vísan í aðgerð <u>B.8 – Fiarvinnslustöðvar</u> í stefnumótandi byggðaáætlun. 2024 tókst að fá styrk úr <u>C.01 Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða</u> fyrir framkvæmdir í skrifstofuhlutanum grunnskólahússins og bæta þar með aðstöðuna, sem getur nýst fyrir óstaðbundin störf.
Starfsmarkmið 2.3: Skapa umgjörð og fá náttúrufræðing til starfa á staðnum fyrir mitt ár 2023 í samræmi við tillögu 5 í skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við verkefnisstjórn, ráðuneyti og viðeigandi stofnanir.				X		<u>SSNE</u> og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið gerðu með sér samning sem hefur það að markmiði að koma á samstarfi um stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknnum á Bakkafirði. Framlag til verkefnisins kemur úr stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, aðgerða <u>C.9 – Náttúruvernd</u> til eflingar byggðapróunar. Vinnu við það verkefni er lokið. Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Langanesi kom út í apríl 2024 en niðurstöður hafa verið kynntar með formlegum hætti í ágúst. Tillögur starfshópsins skulu m.a. snúa að friðlýsingu á hluta Langaness, t.d. með stofnun þjóðgarðs, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Jafnframt verði hugað að bættu orkuöryggi svæðisins með tillögum er snerta dreifi- og flutningskerfi raforku,

						jarðhitaleit og aukna orkuöflun innan svæðis.
Starfsmarkmið 2.4: Ferðapjónusta tengd skólahúsnæðinu fyrir lok júní 2019 Ábyrgð: Rekstraraðili Skólagötu 4.					X	Aðstöðu hefur verið komið upp í skólahúsnæðinu til reksturs ferðapjónustu og nýir rekstraraðilar tóku við á árinu 2020.
Starfsmarkmið 2.5: Kortleggja möguleika á að koma upp afþreyingu á svæðinu, til dæmis stangveiði, hvala- eða fuglaskoðun og/eða komu «Expedition» skemmtiferðaskipa fyrir mitt ár 2020. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við frumkvöðla			X			Verkefnisstjórn styrkti aðila sem ráðgerðu að fara út í hvala- og fuglaskoðun. Vegna COVID-veirunnar röskuðust þau plön og umsækjandi féll frá verkefninu. Ferðapjónustufyrirtækið NorthEast býður hins vegar upp á ýmsar ferðir og auglýsir á sinni heimasíðu. Fleiri hugmyndir eru í þróun.
Starfsmarkmið 2.6: Skilgreina/kortleggja og merkja gönguleiðir í nágrenni Bakkafjarðar. Ábyrgð: Hverfisráð Bakkafjarðar í samstarfi við atvinnu- og nýsköpunarnefnd Langanesbyggðar og Markaðsstofu Norðurlands				X		Greinargott gönguleiðakort er til yfir helstu gönguleiðir umhverfis Bakkafjörð. Þá eru til stíkur til að merkja helstu leiðir. Framhald verkefnisins er á borði Hverfisráðs Bakkafjarðar.
Starfsmarkmið 2.7: Koma starfsemi af stað í húsnæði við Hafnargötu 2-4, fyrir apríl 2020. Ábyrgð: Eigendur húsanna í samstarfi við verkefnisstjóra.					X	Bjargið ehf. keypti þrotabú Toppfisks og kom á fót fiskvinnslu sem hefur skapað störf fyrir ákveðinn hóp.
Starfsmarkmið 2.8: Námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja, fyrir lok nóvember 2022. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við SSNE og Kistuna					X	Haldið var opið spjall um atvinnu- og nýsköpun á svæðinu í Kistunni á Þórshöfn. Fulltrúar SSNE fóru yfir ráðgjafar- og stuðningsmöguleika, kynntu Norðanátt, fjármögnunarleiðir og styrktarsjóði.
Starfsmarkmið 2.9: Láta útbúa áningastaði/útskot við veginn um Langanesströnd Ábyrgð: Sveitarstjórn Langanesbyggðar.					X	Með nýjum uppbyggðum vegi milli Þórshafnar og Bakkafjarðar hefur verið komið fyrir áningarstöðum/ útskotum á valda staði.
Starfsmarkmið 2.10: Fjölga nýsköpunarverkefnum tengdum sjávarútvegi, fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við fyrirtæki.					X	Nýtt starfsmarkmið árið 2022. Fiskvinnslufyrirtækið Bjargið ehf. hlaut árið styrk að upphæð kr. 4.500.000 úr Lóunni nýsköpunarsjóði fyrir verkefnið Grásleppugæði. Verkefnið leiddi af sér nýtt verkefni sem hlaut veglegan styrk úr Matvælasjóði árið 2023 og eflir samstarfið við Bjopol Skagaströnd, Brim og Háskóla á Akureyri.
Starfsmarkmið 2.11: Skilgreina að minnsta kosti einn ferðamannastað í Bakkaflóa fyrir					X	Nýtt starfsmarkmið árið 2022. Sem stendur eru tveir áfangastaðir í Bakkaflóa skilgreindir sem forgangsverkefni í áfangastaðaaætlun fyrir árin 2021-2023. Búið er að

nýja áfangastaðáætlun Norðurlands sem tekur gildi 2024. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og íbúa.						skilgreina einn áfangastað í áfangastaðáætlun Norðurlands sem tekur gildi 2024.
Starfsmarkmið 2.12: Kanna jarðveg fyrir uppbyggingu hótels í Bakkaflóa, fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra.	X					Nýtt starfsmarkmið árið 2022, ekki formlega hafið.
III. Meginmarkmið: Aðlaðandi umhverfi Bakkafjarðar						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 3.1: Unnið verði að því með íbúum að fanga sérstöðu Bakkafjarðar og <u>nærsvæita</u> og koma henni á framfæri í samfélaginu og utan þess fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við íbúa og fjölmiðla.				X		Menningu og sögu staðarins var miðlað með fjölbreyttum hætti. Bakkafjörður byggir tilvist sína á sjósókn og sjávarútvegi. Þá eru tækifæri til staðar í landbúnaði og ferðaþjónustu sökum þess að svæðið er talið henta vel til sauðfjárræktar. Náttúran og <u>víðernin</u> eru ákveðin tækifæri fyrir tiltekinn hóp ferðamanna.
Starfsmarkmið 3.2: Virkja kraft íbúanna til framfara. Ábyrgð: Verkefnisstjóri í samstarfi við Hverfisráð Bakkafjarðar			X			Íbúar hafa í gegnum árin verið virkir í því að hlúa að byggðarlaginu. Áhugi íbúa s.s. á umhverfismálum, skógrækt, eyðingu lúpínu og verndun gamalla húsa er ákveðinn styrkur samfélagsins. Íbúar héldu framfarafund á árinu og ræddu þar ýmis mikilvæg mál, einnig á íbúafundinum og í reglulegum samtölum við verkefnastjóra.
Starfsmarkmið 3.3: Móta aðgerðaáætlun í umhverfismálum á Bakkafirði og <u>nærsvæitum</u> , líkt og kveðið er á um í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins, fyrir lok árs 2023. Ábyrgð: Langanesbyggð í samstarfi við hverfisráð og íbúa.				X		Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur skoðað möguleika sem felast í samstarfi á svæðinu í sorpmálum. Unnið er að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi (2023-2036) og þá er fjallað um umhverfismál í sérstökum samfélagssáttmála milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins. Áætlun liggur fyrir um fráveitumál. Snemma í ár 2024 var umhverfisfulltrúi ráðinn í starfið sem er í samráði við hverfisráðið að vinna að markmiðinu.
Starfsmarkmið 3.4: Meta kosti þess að endurheimta Bláfánann fyrir höfnina.					X	Aflagt 2022. Málið hefur verið skoðað og niðurstaðan var að ekki væri ástæða til að endurheimta Bláfánann að svo stöddu.
Starfsmarkmið 3.5: Langanesbyggð verði í fremstu röð varðandi innleiðingu heilsueflandi samfélags. Ábyrgð: Stýrihópur um heilsueflandi samfélag, <u>HSAM</u> hópurinn.			X			Í Langanesbyggð eru íbúar meðvitaðir um mikilvægi þess að stunda heilsueflandi starfsemi, m.a. með útivist og nýta sé það sem íþróttamiðstöðin hefur upp á að bjóða. Verkefnisstjóri Langanesbyggðar fyrir Heilsueflandi samfélag (<u>HSAM</u>) hefur haft samráð við verkefnisstjóra og hverfisráð

						Bakkafjarðar og ráðgert er að efla það samstarf.
Starfsmarkmið 3.6: Átak verði gert í að bæta umhirðu fasteigna og umhverfis. Ábyrgð: Íbúar, fyrirtæki, fasteignaeigendur og Langesbyggð.					X	Húseigendur á Bakkafirði halda almennt húsum sínum vel við. Gert hefur verið átak í lagfæringu íbúðar- og atvinnuhúsa, sem kölluðu á endurbætur, auk þess að lagfæra umhverfi þeirra.
Starfsmarkmið 3.7: Skoða hvort hægt sé að finna jörðinni Skeggjastöðum nýtt hlutverk, ásamt meðfylgjandi húsakostum, fyrir mitt ár 2023. Ábyrgð: Langesbyggð í samstarfi við verkefnisstjóra og sóknarnefnd Skeggjastaða.					X	Nýtt starfsmarkmið árið 2022. Gerður hefur verið leigusamningur um nýtingu a Skeggjastöðum í tengslum við ferðapjónustu.
IV. Meginmarkmið: Skapandi mannlíf						
	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Starfsmarkmið 4.1: Skipuleggja gamla hafnarsvæðið og framfylgja og framkvæma þá stefnu. Ábyrgð: Langesbyggð og verkefnisstjóri.				X		Starfsmarkmiði breytt árið 2022. Deiliskipulag af gamla hafnarsvæðinu hefur fengið lögformlega afgreiðslu. Hluti þess skipulags hefur komið til framkvæmda með nýjum útsýnispalli og með öðrum framkvæmdum á Hafnartanganum. Þá stóðu íbúar fyrir skemmtilegri hugmyndavinnu á árinu og fengu til sín landslagsarkitekt til að vinna hugmyndirnar áfram. Verkefnisstjóri mun halda áfram með þessa vinnu og koma hugmyndum íbúa í framkvæmd. Á árinu 2024 fékkst styrkur til að koma upp leikvelli á svæðinu.
Starfsmarkmið 4.2: Útbúa aðstöðu á Bakkafirði fyrir innlent og erlent listafólk og listnema. Ábyrgð: Verkefnisstjóri			X			Starfsmarkmiði breytt árið 2022. Þó ekki sé búið að útbúa sérstaka aðstöðu var stutt við verkefni sem tengist þessu markmiði. Þar að auki er búið að efla listsköpun á staðnum og fékkst styrkur fyrir listasmiðju unglunga úr Barnamenningarsjóði.
Starfsmarkmið 4.3: Kvikmynd um Langesbyggð. Ábyrgð: Langesbyggð					X	Verkefnisstjórn lítur svo á að markmiðum þessa verkefnis hafi verið sinnt. Fjölmíðillinn <u>N4</u> framleiddi sjónvarpsefni í tveimur hlutum um Bakkafjörð. Þá hefur ferðapjónustufyrirtækið <u>North East Travel</u> framleitt markaðskynningarefni og kynningarmyndband.
Starfsmarkmið 4.4: Skógrækt í þéttbýlinu. Ábyrgð: Verkefnisstjóri.			X			Áhugafólk um skógrækt hefur haldið úti félagi sem hefur gróðursett tré á svæðinu. Stefnt er að því að gera skógræktaráætlun fyrir Bakkafjörð sambærilega þeirri sem hefur verið unnin á Þórshöfn og hefur þegar komið til framkvæmda.

Starfsmarkmið 4.5: Efla samstarf/tengsl innan sveitarfélagsins. Lokið maí 2023. Ábyrgð: Hverfisráð Bakkafjarðar.						Þáttur í eflingu tengsla innan sveitarfélagsins var stofnun hverfisráðs sem hefur fundað reglulega. Þá hefur Björgunarsveitin Hafliði unnið að því að treysta sitt starf á Bakkafirði. Halda þarf áfram vinnu við eflingu samskipta innan sveitarfélagsins.
Starfsmarkmið 4.6: Íslenskukennsla fyrir útlendinga Ábyrgð: Langanesbyggð						Boðið var upp á íslenskukennslu fyrri hluta árs 2022, í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og fyrirtæki á staðnum. Full ástæða er til að fylgja því eftir með framhaldsnámskeiði, sem verður haldið um leið og framkvæmdunum í nýju samfélagsmiðstöðinni á Bakkafirði verður lokið.
Starfsmarkmið 4.7: Virkja íbúasamtök Bakkafjarðar. Ábyrgð: Íbúar.				X		Stofnað var hverfisráð sem er ákveðið skref á þessari braut.



Á góðum degi á Bakkafirði sumarið 2023

Viðauki II. Sterkar Strandir, staða starfsmarkmiða

Sterkir innviðir og öflug þjónusta						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Stofnuð verði vefverslun fyrir svæðið						Kvaka, vefverslun Strandamanna.
Tryggja skipulagða móttöku nýbúa						Óformlegar samræður hafnar, íbúahandbók móttökuáætlun
Verkefni sem búa í haginns fyrir ungt fólk kortlögð og stofnuð						Samvinna sveitarfélaga vegna ungmenningarstarfs
Allur Innstrandavegur fær bundið slitlag, einbreiðar brýr upprættar, vegrið bætt, Hrútafjörður þveraður.						Viðvarandi hagsmunagæsla
Háhraðanet/5G á Hólmavík						Í ferli
Raforkukostnaður jafnaður milli dreifbýlis og þéttbýlis						Viðvarandi hagsmunagæsla
Aukið framboð á fjölbreyttu húsnæði						Viðræður við HMS í gangi eftir nokkurt hlé. Aðalskipulagsgerð. Hótelframkvæmdir.
Kanna og kortleggja þarfir á menningar- og tómstundaframboði						Framboð aukið (bogfimi o.fl)
Kortleggja nýsköpunarmöguleika í menntun						
Koma á fót tveimur nýjum tómstundamöguleikum						Sjóíþróttafélagið Rán stofnað. Golfhermir kominn til golfklúbbsins.
Hefja hitaveituframkvæmdir fyrir Hólmavík						Jarðhitaleit á Gálmaströnd með fulltingi Sterkra Stranda enn árangurslítill.
Niðurgreiðsla rafmagns til húshitunar á köldum svæðum taki einnig til atvinnuhúsnæðis						Viðvarandi hagsmunagæsla

Stígandi í atvinnulífi						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Strandir verði miðstöð þjóðtrúar á Íslandi						Ötult starf Rannsóknaseturs HÍ skýrir góða stöðu.
Stofnun heilsutengds ferðapjónustufyrirtækis eða uppbyggingarseturs						Kyrrðarkraftur náði ekki flugi. Hótel í farvatninu.
Tryggja Strandabyggð auknar fiskveiðiheimildir						Sértækur byggðkvóti kominn.
Bæta afkomu ferðapjónustufyrirtækja og auka fjölbreytni þeirra						Áratak hefur hafið störf.
Hefja félags- og atvinnustarfsemi tengda sjósporti						Sjóíþróttafélagið Rán.
Gerðar verði tilraunir með veiðar á grjótkrabba og/eða öðrum vannýttum tegundum, svo sem flundru, til nytja						Hafgustur ehf stofnaður.
Gera fólki kleift að starfa og setjast að í Strandabyggð og sinna störfum án staðsetningar						Aukin markaðssetning á Þróunarsetrinu hófst.
Skipuleggja og framkvæma átak í aukinni fjölbreytni atvinnulífs						Hótel í farvatninu, ný störf í Vilja.
Komið verði á fót a.m.k. einni nýrri einingu/starfsemi í fullvinnslu og sölu afurða úr landbúnaði eða sjávarútvegi						Kjötvinnslan á Stóra-Fjarðarhorni. Vinnslan á Húsavík studd og Hafgustur fékk styrk úr Matvælasjóði til vöruþróunar og vinnslu grjótkrabba. Auk nýsköpunarverkefna í landbúnaði.
Möguleikar til fiskeldis rannsakaðir og viðhorf íbúa könnuð						Vestfjarðastofa hefur lokið viðamikilli könnun og úttekt. Innviðagreining næstum klár. Regluverk helsti tálminn hér.
Stofnuð að lágmarki tvö verkefni sem stuðla að fjölgun skapandi starfa						Ýmis menningarverkefni styrkt öll árin.
Ráðning ferðamála fulltrúa, hugsanlega í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög						Verkefni sem hefur verið rætt, en aldrei komist á mikið skrið. Líklega er sameining sveitarfélaga forsenda.

Stolt og sjálfbært samfélag						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
Þrjú útivistarfélög séu virk og sjálfbær hið minnsta						Skíðafélagið, Sjóíþróttafélagið og Golfklúbburinn öll studd og virk.
Einn nýr ferðamannastaður / gönguleið gerð frá grunni hið minnsta						Gönguslóðaverkefni lokið.
Gönguleiðir í Strandabyggð kortlagðar, merktar og hannaðar						Gönguslóðaverkefni lokið.
Áhugaverðir staðir í Strandabyggð merktir						Skilti Viðeyjarhúss. Minningartorg.
Gerð og miðlun kynningarefnis um útivistarmöguleika í Strandabyggð						Gönguslóðaverkefni lokið.
Kortlagning möguleika á verkefnum tengdum svæðis- og þjóðgörðum í sátt við samfélag og náttúru						Skýrsla Vestfjarðastofu komin út.
Sýnileiki svæðisins aukinn og ímynd styrkt						Strandir.is
Átak í að fegra og hreinsa umhverfið						Bílhrae fjarlægð, vantar fjármagn.
Átak í nýtingu Umhverfissvottunar Vestfjarða						Umhverfissvottun aflögð.
Áhersla lögð á stuðning við rannsóknir, miðlun og hagnýtingu á menningararfi svæðisins þannig að þessum störfum fjölgi um fjórðung						Vinna í gangi en ekkert í hendi.
Stutt við að minnsta kosti tvö verkefni á ári sem stuðla að jákvæðri kynningu og aukinni fréttamiðlun						Strandir.is fékk góðan stuðning, fjöldi menningarverkefna studdur.
Malbikun gatna á Hólmavík						Hafnarsvæði malbikað
Gangstéttar á Hólmavík bættar						Fjármagn skortir.
Verndarsvæði í byggð á Hólmavík samþykkt af íbúum og ráðherra						Tillaga í vinnslu.
Stofnun héraðsskjalasafns fyrir Strandir						Verkefni óraunhæft. Málinu lokið.
Sérstök kortlagning á þörfum og möguleikum íbúa dreifbýlis Strandabyggðar						Leiðir til byggðafestu – skýrsla og átak
Kynna öflugt menntastarf í Strandabyggð						Menntastefna Vestfj. tók yfir



Meginmarkmið 1: Fyrirmyndar umhverfi

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
1.1 Farið verði í hugmyndavinnu með virku samstarfi íbúa og sveitarfélags um nýtingu á Balanum.						Lokið	Vor 2023
1.2 Uppbygging hafin á Balanum og fyrstu áföngum lokið 2023.							Lok árs 2023
1.3 Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025.						Lokið	Haust 2025
1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni.							Lok árs 2023
1.5 Árlegir hreinsunardagar. Úrbótaganga.						Lokið '23 og '24	
1.6 Íbúafundur og hugmyndavinnu um hvernig miðbæ er ákjósanlegast að hafa á Stöðvarfirði.							Vor 2023
1.7 Kannaður verður grundvöllur fyrir því að haldið verði áfram með verkefnið Skúptúraslóð.						Aflagt á íbúafundi 2024	Sumar 2023
1.8 Skoðaður verður sá möguleiki að sett verði útilíkamsræktartæki við vinsælar gönguleiðir.							Vor 2024
1.9 Greining gerð á hundasvæði.						Lokið	Lok árs 2023
1.10 Göngustígum á Stöðvarfirði og í grennd við þorpið verði viðhaldið og vinna kláruð við endurbætur eftir því sem við á.							Lok árs 2024
1.11 Gangstéttir kláraðar og bætt þar sem vantar.							Lok árs 2024
1.12 Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði.						Lokið	Lok árs 2023
1.13 Reglur varðandi opnunartíma móttökustöðva vegna endurvinnslu verða endurskoðaðar.							Lok árs 2024

1.1 Hugmyndavinna um nýtingu á Balanum: Búið er að teikna svæðið eftir hugmyndavinnu íbúa.

1.2 Uppbygging á Balanum hafin og fyrsta áfanga lokið í lok árs 2023: Svæðið var sett í aðalskipulag Fjarðabyggðar í ár.

1.3 Átak í gerð göngu – og hjólastíga. A.m.k. tvær nýjar leiðir verði tilbúnar haustið 2025: Þrír göngustígar voru lagðir sumarið 2023 og sumarið 2024 var göngustígurinn í átt að Byrgisnesi lengdur.

1.4 Útgáfa á göngukorti eða rafrænni leiðsögn um Stöðvarfjörð og nágrenni: Íbúasamtök Stöðvarfjarðar fengu styrk frá Frumkvæðissjóði 2023 til þess að hefja undirbúning á rafrænu göngukorti um Stöðvarfjörð. Greinargerð er tilbúin ásamt framkvæmdaáætlun og fyrstu skilti fara upp vorið 2025.

1.5 Árlegir hreinsunardagar: Árlegt stafsmarkmið. Vel heppnaður hreinsunardagur var haldin 29. apríl.

1.6 Íbúafundur og hugmyndavinna um hvernig miðbæ er ákjósanlegast að hafa á Stöðvarfirði: Það hefur ekki enn tekist að halda formlegan fund um þetta starfsmarkmið en á öðrum íbúafundum hafa komið fram hugmyndir er varða miðbæinn. Óstofnað félag um ferðapjónustu á Stöðvarfirði fékk styrk úr Frumkvæðissjóðnum til uppbyggingar á áningarstöðum ferðafólks og munu þessar hugmyndir sem hafa komið fram, eflaust nýtast til að klára það verkefni.

1.8 Skoðaður verður sá möguleiki að sett verði útilíkamsræktartæki við vinsælar gönguleiðir: Ungmennafélagið Súlan fékk styrk úr Frumkvæðissjóðnum árið 2024 til að koma upp útilíkamsræktar tækjum. Beðið er eftir að það fari að hlýna svo að hægt sé að koma tækjunum upp og í notkun.

1.9 Greining á hundasvæði Stöðvarfjarðar: Leyfi var fengið hjá Fjarðabyggð um uppbyggingu á svæðinu eftir greiningavinnu sem nokkrir íbúar unnu. Ekki hefur verið unnið meira í þessu starfsmarkmiði.

1.10 Göngustígum viðhaldið: Í sumar var malbikuð gangstéttin við Fjarðarbraut sem er mikil gleði tíðindi enda lögðu íbúar mikla áherslu á að farið yrði í það verkefni þar sem það er mikið öryggisatriði.

1.12 Kannaðir verði möguleikar á aðgerðum í orkusparnaði fyrir íbúðarhúsnæði fyrir lok árs 2023: Íbúar hafa tekið þetta starfsmarkmið aftur upp og eru að vinna í því að kaupa varmadælur til uppsetningar.

1.13 Reglur varðandi opnunartíma móttökustöðva vegna endurvinnslu verða endurskoðaðar: Verkefnastjóri sendi inn greinargerð til Fjarðabyggðar vegna óánægju íbúa Stöðvarfjarðar með opnunartíma móttökustöðvar bæjarins. Reglur varðandi opnunartíma móttökustöðva í Fjarðabyggð eru í endurskoðun hjá sveitarfélaginu.

Meginmarkmið 2: Samheldið samfélag							
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga.						Lokið	Lok árs 2022
2.2 Kanna grundvöll fyrir leigu-miðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun.						Lokið	Vor 2023
2.3 Athuga þörf og fýsileika á húsnaðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalar-heimili og minni raðhúsum							Lok árs 2023
2.4 Sveitarfélagið skoði möguleika á ýmsum fjárhagslegum aðgerðum, til dæmis að fella niður eða gefa afslátt af opinberum gjöldum í því skyni að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta							Lok árs 2024
2.5 Kannaðir verði möguleikar á breytingu á opnunartíma sundlaugar með tilraunaverkefni í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir notenda og auka nýtingu á sundlauginni.						Athuga með fyrir '25	Sumar 2023
2.6 Kannaður verði grundvöllur fyrir lækun orkukostnaðar í rekstri sundlaugar.							Lok árs 2023
2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Bygðaaætlunar (A9).							Haut 2022
2.8 Aðstaða við Ölduna verði bætt.						Aflagt á íbúafundi '24	Lok árs 2024
2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærnimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf.						Boðið verður upp á árlega	Haut 2022
2.10 Í samstarfi við stjórn Ungmennafélagsins Súlnunnar verði leitað leiða til þess að efla íþróttastarf félagsins.						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022
2.11 Kortlagning á þörfum íbúa fyrir afþreyingu og félagsstarf og hvernig hægt er að mæta þeim.						Endurskoðað árlega	Lok árs 2022

2.1 Virkja fjarbúa og stofna félag brottfluttra Stöðfirðinga: Facebook hópur er til, og hafa brottfluttir Stöðfirðingar sótt um styrki í frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar fyrir verkefnum á Stöðvarfirði.

2.2 Kanna grundvöll fyrir leigumiðlun fyrir íbúðir sem ekki eru í heilsárs notkun: Aflað var upplýsinga varðandi eigendur húsnæðis sem ekki er í heilsársnotkun og kannaður áhugi á þessu markmiði. Í ljós kom að eigendur höfðu ekki áhuga á að stofna eiginlegt félag eða leigumiðlun.

2.3 Athuga þörf og fýsileika á húsnæðiskostum fyrir aldraða, svo sem þjónustuíbúðum, dvalarheimili og minni raðhúsum fyrir lok árs 2023: Það hefur verið haldinn einn fundur með Jaspis, félagi eldri borgara á Stöðvarfirði til að ræða þetta starfsmarkmið. Greinargerð um möguleika á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis var unnin og send á íbúa Stöðvarfjarðar.

2.4 Sveitarfélagið skoði möguleika á ýmsum fjárhagslegum aðgerðum, til dæmis að fella niður eða gefa afslátt af opinberum gjöldum í því skyni að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta: Fjarðabyggð er með í skoðun að breyta reglum um afslátt vegna gatnagerðargjalda svo að jaðarbyggðir sveitarfélagsins fái hærri afslátt. Er þessi breyting gerð í von um að byggt verði meira á svæðum þar sem eftirspurn eftir lóðum er minni.

2.5 Kannaðir verði möguleikar á breytingu á opnunartíma sundlaugar með tilraunaverkefni í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir notenda og auka nýtingu á sundlauginni: Fjarðabyggð hefur ekki ráðist í þetta verkefni síðustu tvö ár. Verkefnastjóri sendi inn enn aðra beiðni til sveitarfélagsins og er þessi beiðni í vinnslu hjá Fjarðabyggð.

2.6 Kannaður verði grundvöllur fyrir lækun orkukostnaðar í rekstri sundlaugar: Verið er að skoða innan Fjarðabyggðar fýsileika þess að setja varmadælur við sundlaugina.

2.7 Finna leiðir til að styrkja rekstur verslunar frekar til framtíðar, meðal annars með aðgerðum Byggðaaætlunar (A9): Stöðfirðingar sóttu ekki um í sjóðinn í ár enda vantar enn húsnæði undir rekstur. Nú í sumar byrjaði Verslunin Krónan með heimsendingu á matvörum til íbúa Stöðvarfjarðar sem hafa tekið vel í þessa þjónustu en þörfin á eiginlegri verslun á staðnum er enn til staðar.

2.9 Tryggja þeim sem þess óska aðgang að raunfærimati byggðu á starfsreynslu, sem og náms- og starfsráðgjöf: Verkefnisstjóri auglýsir reglulega þessa þjónustu Austurbrúar og er einnig í samtali við skólastjóra grunnskólans um að fá kynningu um þessa þjónustu á starfsmannafund.

2.10 Efla íþróttastarf Súlunnar: Árleg endurskoðun hjá stjórn Súlunnar.

2.11 Afþreying og félagsstarf íbúa: Haldnir voru tveir heilsueflandi dagar á Stöðvarfirði í ár sem voru vel sóttir. Reglulega eru jólagöngur auglýstar. Spilakvöld eru haldin vikulega í húsnæði eldri borgara. Skemmtifélag Stöðvarfjarðar hefur verið að bjóða upp á bíósýningar í Sköpunarmiðstöðinni, ásamt sápukúlufjöri á Balanum.

Meginmarkmið 3: Öflugt atvinnulíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
3.1 Komið á opinberu starfi á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.2 Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi.						Lokið	Lok árs 2023
3.4 Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi, staðsettri á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.5 Styrkja stöðu Stöðvarfjarðar sem safnabæjar og tekið verði upp samstarf við Safnastjórn Fjarðabyggðar um eflingu safnastarfs og fjölgun tengdra starfa á Stöðvarfirði.							Lok árs 2024
3.6 Skoðaður verður grundvöllur þess að setja upp sýningu um fornleifar á Stöðvarfirði.							Lok árs 2025
3.7 Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði.						Lokið	Lok árs 2023
3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknunum.						Lokið	Lok árs 2023
3.9 Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu.							Lok árs 2023
3.10 Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða						Lokið	

Þróunar-verkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda.							Lok árs 2024
3.11 Kannaður verði möguleiki á samningi um sértækt Aflamark Byggðastofnunar.						Lokið	Lok árs 2024

3.2 Unnið verði að því að koma á fót aðstöðu fyrir óstaðbundin störf á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2024: Á efri hæð Sköpunarmiðstöðvarinnar er búið að taka frá rými þar sem eiga að koma skrifstofur og fundaraðstaða fyrir einstaklinga sem vinna í fjarvinnu. Miðstöðin fékk styrk úr Frumkvæðissjóði til þess að byrja að vinna í rýminu.

3.3 Kanna grundvöll fyrir stofnun á vottuðu framleiðslueldhúsi fyrir smáframleiðendur: Verið er að vinna í því að standsetja rými í Sköpunarmiðstöðinni.

3.4 Kanna grundvöll þess að koma á fót miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi: Ekki er komið á formlegt samtal um kjarna þessa starfsmarkmiðs en með auknum sýnileika verður auðveldara að hefja það samtal en árið hefur verið nýtt í að vekja athygli á fornleifa uppgreftinum inn á Stöð.

3.6 Skoðaður verður grundvöllur þess að setja upp sýningu um fornleifar á Stöðvarfirði: Verið er að skoða að setja upp sýningu með aðstoð þrívíddar tækni.

3.7 Greina þörf fyrir sameiginlegt vörumerki eða „skjaldarmerki“ sem gæti nýst í markaðssetningu á vörum framleiddum á Stöðvarfirði fyrir lok árs 2023: Í tengslum við þarfagreiningu og skipulag á iðnaðareldhúsinu, var fenginn hönnuður til að teikna upp merki eldhússins, sem heitir Fræ Sköpunareldhús. Það á þó eftir að hefja það samtal hvort að framleiðendur muni nota það til þess að merkja sínar vörur.

3.8 Efla Sköpunarmiðstöðina með því að auka samstarf milli íbúa og forsvarsmanna með hugarflugsfundum og heimsóknum: Það eru reglulega opin hús í Sköpunarmiðstöðinni og haldnir viðburðir þar sem íbúum er boðið.

3.9 Virkja íbúa og aðra áhugasama til þess að halda námskeið út frá þekkingu og aðstöðu fyrir lok árs 2023: Forsvarsfólk Sköpunarmiðstöðvarinnar kláraði að standsetja hluta af neðri hæð hússins svo að nú er hægt að leigja út rými ef fólk hefur áhuga á því. Þetta opnar á möguleika á því að halda námskeið ef fólk hefur áhuga á því.

3.10 Að minnsta kosti eitt nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengt atvinnulífi á Stöðvarfirði verði komið til framkvæmda fyrir lok árs 2024: Fyrirtækið *Brauðdagar* er komið í vottað framleiðslurými. Aðstaðan hjá Kaffibrennslunni Kvörn er orðin fyrsta flokks. Enn er verið að vinna í koma upp þjónustumiðstöð fiskeldis í gömlu bræðslunni. Tréverkstæðið Steðjistf hefur nóg að gera. Naglafræðingur er með starfsemi heima hjá sér og boðið er upp á orkupunkta meðferðir hjá Friði og ró.

3.11 Kannaður verði möguleiki á samningi um sértækt Aflamark Byggðastofnunar: Þetta hefur verið kannað og samtöl tekin við starfsfólk hjá Byggðastofnun en samkvæmt því skortir talsvert upp á að forsendur séu fyrir úthlutun á Stöðvarfirði svo að hægt yrði að fá aflamark.

Meginmarkmið 4: Sterkir innviðir

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar	Markmiði lokið skv. verkefnisáætlun
4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði. Skoða sérstaklega gæði þjónustu og afþreyingar-möguleika.						Lokið	Sumar 2023
4.2 Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar.							Lok árs 2025
4.3 Farið verði í greiningarvinnu á núverandi leiðakerfi almenningsgangna svo að þær verði styrktar enn frekar.						Lokið	Lok árs 2022
4.4 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði.						Lokið	Mitt ár 2024
4.5 Útfæra og setja upp upplýsingaskilti viðsvegar um bæinn. Að minnsta kosti þrjú ný skilti verði komin upp.							Sumar 2023
4.6 Skoðaður möguleiki þess að koma á fót „fjölnotahúsi“.							Lok árs 2023
4.7 Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur.							Lok árs 2023
4.8 Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Stöðvarfirði.						Lokið	Lok árs 2023
4.9 Teknar verði í notkun fimm nýjar íbúðir á Stöðvarfirði.							Lok árs 2025
4.10 Skoðað verði að koma á fót iðngörðum og/eða skrifstofukjarna.							Lok árs 2024

4.1 Aukin tækifæri í ferðamennsku. Greining á þörfum og skilgreining verkefna fyrir ferðaþjónustu á Stöðvarfirði: Greinargerð kláruð í ár og er aðgengileg inn á heimasíðu Austurbrúar².

² <https://austurbru.is/brothaettar-byggdir/>

4.2 Farið verði í umbætur á Suðurfjarðavegi á verkefnistíma Sterks Stöðvarfjarðar fyrir lok árs 2025: Sveitarstjórn sem og aðrir kjörnir fulltrúar Fjarðabyggðar hafa verið að þrýsta á að framkvæmdum á Suðurfjarðavegi verði flýtt á samgönguáætlun. Þingfólk kjördæmisins hefur einnig lagt fram þingsályktunartillögu þess efnis.

4.3 Greining á núverandi kerfi almenningssamgangna: Starfsmarkmið klárað 2022 með minnisblaði varðandi hugmyndir og ábendingar frá íbúum Stöðvarfjarðar.

4.4 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í íbúðarhús á Stöðvarfirði fyrir mitt ár 2024: Í haust skrifaði Fjarðabyggð undir samning við Mílu um lagningu ljósleiðara í öllum byggðarkjörnum sveitarfélagsins. Allt íbúðarhúsnæði á Stöðvarfirði verða tengd við ljósleiðara sumarið 2025. Sú vinna er íbúum að kostnaðarlausu.

4.7 Núverandi heilbrigðisþjónusta verði greind með það að leiðarljósi að koma betur til móts við notendur fyrir lok árs 2023: Þessi vinna er lítillega hafin. Verkefnisstjóri mun kanna áhuga meðal íbúa betur á nýju ári.

4.8 Kortleggja allar mögulegar leiðir til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis á Stöðvarfirði fyrir árslok 2023: Greinargerð var tekin saman um þá möguleika sem eru til staðar til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis.

4.10 Skoðað verði að koma á fót iðngörðum og/eða skrifstofukjarna fyrir árslok 2024: Þetta tengist starfsmarkmiði 3.2 sem er í vinnslu í Sköpunarmiðstöðinni.





Frá íbúafundi í DalaAuði - farið yfir stöðu starfsmarkmiða

Meginmarkmið 1 – Samkeppnishæfir innviðir						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1. Skoðaðir verða allir kostir til að hægt sé að auka við uppbyggingu húsnæðis í sveitarfélaginu á starfstímanum. Stefnt sé með þessu að fjölbreyttara framboði á húsnæði.						Þetta markmið er á áætlun. Byggðar hafa verið 4 íbúðir frá árinu 2022. Deiliskipulag fyrir Hvammana er tilbúið og var auglýst í árslok. Þá var einnig unnið að deiliskipulagi fyrir restina af þéttbýlinu. Samtals gerir nýtt deiliskipulag í Búðardal ráð fyrir allt að 40 íbúðarhúsaæiningum.
1.2. Stofnað verði fjárfestingafélag um uppbyggingu iðngarða í Búðardal fyrir lok árs 2023.						Stofnaður var undirbúningshópur sem er starfandi og heldur utan um framkvæmdina. 5.000.000 kr. styrkur fékkst úr C1 fyrir hönnun á iðngörðum í Búðardal. Undirrituð var viljayfirlýsing Dalabyggðar og Byggðastofnunar um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í lok árs 2024.
1.3. Lokið verði við byggingu íþróttahúss og sundlaugar í Búðardal á árinu 2026.						Markmið er á áætlun og stefnt að verklokum árið 2026. Framkvæmdir við mannvirkin eru hafnar.

1.4. A.m.k. tvær gönguleiðir verði betrubættar eða útbúnar í og við Búðardal fyrir árið 2025.					Skógræktarfélag Dalasýslu hefur fengið styrki úr Frumkvæðissjóði vegna uppbyggingar útivistarsvæðis og gönguleiða í Brekkuskógi, rétt fyrir utan Búðardal. Á íbúafundi 2024 var einnig óskað eftir að hugað væri að viðhaldi strandleiðar í Búðardal.
1.5. Kortlagning gönguleiða víða um Dalabyggð, sem unnið er að á vegum SSV, verði gerð aðgengileg almenningi árið 2023. Valdar leiðir verði stikaðar, þar sem það á við, til að auka aðgengi að þeim.					Kortlagningu er lokið á vegum SSV og upplýsingar eru komnar á vef Ferðamálastofu þar sem þær eru aðgengilegar. Veittir hafa verið styrkir til gönguleiða í gegnum Frumkvæðissjóð og einnig í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Áhugamannahópur fékk styrk árið 2024 til að stuðla að frekari stikun gönguleiða í Dalabyggð.
1.6. Samstarfsverkefni á vegum SSV, Dalabyggðar og Markaðsstofu Vesturlands verði sett á legg til að útbúa upplýsingapakka og kynningarefni um útivistarleiðir, svo sem göngu-, reið- og hjólaleiðir í Dalabyggð, sem verði tilbúinn fyrir lok árs 2025.					Hafið. Vefur Ferðamálastofu hýsir þær leiðir sem hnitsettar voru á vegum SSV árið 2022. Vinna þarf áfram að kynningu á þeim gönguleiðum sem eru þekktar, stikaðar eða aðgengilegar á annan hátt.
1.7. Komið verði á samtali milli hlutaðeigandi aðila um skipulag reiðleiða í Dalabyggð árið 2025.					Óformlegt samtal hefur átt sér stað og verkefnisstjóri boðið fram aðstoð við umsóknir í reiðvegassjóð, DalaAuð o.fl. Hestamannafélagið hefur áhuga á að halda opinn fund um reiðleiðir.
1.8. Unnið verði að a.m.k. tveimur verkefnum sem fela í sér uppbyggingu skógarstíga eða áningarstaða innan skóga fyrir 2025.					Verkefnið í Brekkuskógi hefur fengið styrk til uppbyggingar á áningarstað og gönguleiðum. Það verkefni er komið á framkvæmdastig.
1.9. Unnið verði eftir tillögum og forgangsörðun vegaframkvæmda á starfstímabilinu 2022-2025, líkt og þær eru lagðar til í					Sveitarstjórn og SSV hafa þrýst á áframhaldandi framkvæmdir. Dalabyggð vann forgangsörðun vegaframkvæmda árið 2023 og hefur þrýst á ríki að taka hana til skoðunar og skipuleggja

Samgönguáætlun Vesturlands. Íbúar verði upplýstir um framvindu og frávík allra framkvæmda í byggðarlaginu.					framkvæmdir í samræmi við það. Hægt gengur með stofnvegi en helmingur tengivegapotts Vegagerðarinnar er áætlaður í Dalabyggð. Íbúar hafa þrýst á stjórnvöld, meðal annars með gjörningum árin 2023 og 2024.
1.10. Stofnvegurinn um Skógarströnd verði endurbættur og árlegar fjárveitingar til verkefnisins tryggðar þannig að klára megí framkvæmdir sem fyrst.					Þrýst hefur verið á endurskoðun á samgönguáætlun til að tryggja áframhaldandi fjármagn í framkvæmdina.
1.11. Lögð verði áhersla á að leggja bundið slitlag á Laxárdalsveg eigi síðar en árið 2024.					Á tengivegaáætlun fyrir vestursvæði Vegagerðarinnar eru um 40% fjármagns áætlað í vegi í Dalabyggð. Vegurinn um Laxárdal er á þeirri áætlun. Boðinn var út 7,8 km kafli árið 2022 og lauk framkvæmdum 2024. Hluti vegarins er enn ekki bundinn slitlagi.
1.12. Gerð verði þarfagreining og áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í byggðarlaginu árið 2023.					Starfshópur vann þarfagreiningu, skoðað var bæði þörf á hraðhleðslustöðvum og áform ferðaþjónustuaðila um uppsetningu rafhleðslustöðva. Metið var sem svo að hraðhleðslustöðvar yrðu í þéttbýlinu, minni stöðvar annars staðar. Ferðaþjónum var boðið að skoða tilboð frá fyrirtækjum. Staðsetning hleðslustöðva hefur einnig verið skoðuð í tengslum við deiliskipulagsgerðina. Þrjár hraðhleðslustöðvar, ásamt einni minni eru á áætlun, auk þeirra tveggja sem þegar eru komnar.
1.13. Þegar áætlun um uppsetningu rafhleðslustöðva í Dalabyggð liggur fyrir, sbr. markmið 1.12., eigi sér stað samtal við ríki og þjónustuaðila um aðgengi					Aðgerðin var sett fram vegna þess að töluvert ósamræmi var í greiðsluleiðum, tengjum og almennu aðgengi að rafhleðslustöðvum. Þessi aðgerð er talin óþörf eftir samtal við ráðherra eftir

að hleðslustöðvum árið 2024, með tilliti til áherslu ríkisvaldsins á orkuskipti.					íbúafund. Þ.e. þróun í hraðhleðslustöðvum er hröð og aðgengi að þeim að verða samhæfðara almennt. Aðgerð skráð lokið eftir samtalið.
1.14. Byggt verði upp hleðslustöðvanet í Dalabyggð í samræmi við ofangreinda áætlun í 1.12 fyrir lok árs 2025.					Komnar eru tvær stöðvar við Krambúðina og hægt að hlaða fimm bíla þar samtímis. Í lok árs 2024 var unnið að því að setja tvær stöðvar upp við stjórnsýsluhúsið í stað þeirrar sem þar var. Starfshópur sem rýndi þetta 2022 var á því að einmitt þyrfti að styrkja þessa innviði í Búðardal. Gott væri fyrir ferðapjóna að huga að uppbyggingu hjá sér einnig eftir getu og þörfum. Ferðapjónum var boðin kynning og tilboð varðandi hleðslustöðvar snemma árs 2023.
1.15. Árlega verði unnið að framgangi í þrífösun og að því að leggja rafmagn í jörð á starfstímanum. Lokið verði að fullu við þrífösun á rafmagni og að leggja strengi í jörðu árið 2026.					<u>Gert 2022:</u> Skerðingsstaðir að Lyngbrekku inn á Fellströnd, um 42 km kafli. Dælustöð Fellsenda að Hundadal inn í Miðdal, um 2.2 km kafli. Máskelda að Ársel veiðihúsi inn í Hvolsdal, um 3.6 km kafli. <u>Gert 2023:</u> Álfheimar að Gunnarsstöðum inn á Skógarströnd, um 19 km kafli. Leysingjastaðir að Laugaskóla inn í Hvammssveit, um 2.2 km kafli. <u>Kaflar á áætlun 2025:</u> Fellströnd, frá Lyngbrekku að Vogu um 15 km leið. Frá Búðardal að Glerárskógum um 10 km leið.

1.16: Gert verði átak í að styrkja fjarskiptainnviði og bæta þannig símasamband í Dalabyggð árið 2024-2025.					SSV vann úttekt á fjarskiptamálum í Dalabyggð og voru þar settar fram tillögur að lausnum fyrir hvern stað. Sveitarstjórn vinnur að eftirfylgni þeirra lausna í samvinnu við fjarskiptafyrirtæki.
1.17. Íbúar fá kynningu á kostum og göllum varmadæla og reglum um niðurgreiðslur í því sambandi, á árinu 2023.					Vel heppnuð kynning var haldin í nóvember 2024.
1.18. Átak verði í nýtingu félagsheimila í Dalabyggð árin 2022-2025.					Þetta verkefni gengur mjög vel. Árblik er í rekstri. Dalabúð er í mikilli notkun, bæði undir samkomuhald og ýmis konar skóla- og félagsstarf. Staðarfell var selt árið 2023 og opnað var vottað eldhús í Tjarnarlundi.
1.19. Árið 2022 eigi sér stað formlegt samtal við Biskupsstofu um nýtingu kirkna og uppbyggingu og viðhald á sögufrægum kirkjum í Dalabyggð.					Aflagt á íbúafundi 2023.
1.20. Sveitarfélagið skoði að fá til liðs við sig íbúa og aðra sjálfboðaliða til að taka þátt í hreinsunarátaki í byggðarlaginu, sumrin 2023, 2024 og 2025.					Hvatt var til hreinsunardags fyrir Jörvagleði 2023. Árið 2024 var tekið mun meira magn af járnarusli miðað við árin á undan með nýrri áherslu í söfnun þess. Þá voru settir upp gámar og hvatt til plokks og hreinsunar í tengslum við bæjarhátíð. Það sama var gert í kringum Jörvagleði 2023. Sveitarfélagið er í samstarfi við skátana um árlega hreinsum innanbæjar.
1.21. Sveitarstjórn þrýsti á að settar verði hraðahindranir við innkomu í Búðardal árin 2024-2025, til að draga úr umferðarhraða í bænum.					Sveitarstjóri hefur þegar sent erindi á Vegagerðina varðandi það að setja upp hraðahindrun við innkomuna í bæinn. Á áætlun er að setja hraðahindrun norðan við Búðardal og að bæta innkomuna sunnan við þéttbýlið.

1.22. Sveitarfélagið vinni að deiliskipulagi fyrir þéttbýlið, þar sem unnið verður að framtíðarskipulagi útivistarsvæða, iðnaðarsvæðis og lóða fyrir íbúðarhúsnæði. Vinna við gerð deiliskipulagsins hefjist í ársbyrjun 2024.						Deiliskipulagsvinnan klár fyrir auglýsingaferli í lok árs 2024.
1.23. Farið verði í undirbúning á því að breyta Dalnum í útivistar- og samkomusvæði (Nýtt markmið 2024).						Áhugi er á því að „Dalurinn“, þar sem er íþróttavöllur í Búðardal, verði nýttur betur sem útivistarsvæði. Hér er lagt til að hugmyndavinna fari af stað.
Meginmarkmið 2 – Skapandi og sjálfbært atvinnulíf						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
2.1. Árið 2023 verði a.m.k. þrír einstaklingar starfandi að staðaldri í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.						Á tímabili árið 2023 voru þrír aðilar að vinna í Nýsköpunarsetrinu að staðaldri en bæta mætti þó nýtingu á skrifstofurýminu frá degi til dags. Verið er að skoða leiðir til þess. Það er þó vel nýtt sem funda- og fræðslurými. Meðal þeirra sem nýtt hafa Nýsköpunarsetrið eru EFLA, KPMG, SSV og RML, ásamt einyrkjum. Þá er setrið nýtt fyrir nemendur sem taka próf utan skóla. Nýsköpunarsetrið hýsir DalaAuð, þ.e. verkefnisstjóra, fræðslu og fundi tengdum verkefninu. Þá nýtir sveitarfélagið það einnig til funda og fræðslu. Aðgerðir hafa gengið vel og Nýsköpunarsetrið er með virka dagskrá yfir veturinn.
2.2. Sett verði á fót Ráðgjafaráð Nýsköpunarseturs sem yrði samansett af heimafólki og fjarbúum sem er tilbúið að miðla						Ráðgjafaráðið var stofnað haustið 2022.

sinni þekkingu til áhugasamra.					
2.3. Sveitarstjórn kanni möguleikann á tilfærslu opinberra starfa til Dalabyggðar árin 2022-2024.					Þetta samtal á sér reglulega stað við yfirvöld. Sífelluverkefni en enn hefur ekki orðið tilfærsla á störfum. Á íbúafundi 2024 var óskað eftir því að áhersla væri lögð á fleiri stöðugildi í löggæslu á svæðinu.
2.4. Farið verði í markaðssetningu á Dalabyggð sem búsetukosti, atvinnusvæði og frístundasvæði til hagsbóta fyrir samfélagið árið 2023.					Verkefnið Dalabyggð í sókn fékk kr. 11.000.000 styrk úr C1. Um er að ræða styrk fyrir markaðsherferð fyrir Dalabyggð til að laða að nýja íbúa, fjárfesta og ferðamenn. Verkfærakista fyrir markaðssetningu var kynnt í nóvember 2024. Í tengslum við það verkefni var unnið myndband fyrir Dalina sem var sett í dreifingu: https://dalir.is/frettir/yrkjum-lifsgaedin-i-dolunum/ Í kjölfarið er stefnt að alls kyns kynningarstarfsemi. Sú kynningarstarfsemi mun tengjast öðrum verkefnum, t.d. kynning á deiliskipulagi Búðardals þegar það er klárt, auk þess sem upplýsingar um búsetukosti verða aðgengilegar á vef Dalabyggðar. Þess má einnig geta að gróskan og mannlífið hefur virkað sem mjög góð auglýsing fyrir Dalina.
2.5. Leitað verði samstarfs við stjórnvöld um þróunarverkefni í landbúnaði þar sem fundnar verða leiðir til aukinnar arðbærni í atvinnugreininni, á árunum 2022-2025.					C1 styrkur fékkst í verkefni sem miðaði sérstaklega að sauðfjárræktarsvæðum. Þar var unnin tækifærisgreining og verið er að fylgja henni eftir. Meðal annars eru landshlutasamtökin í samtali við stjórnvöld um að draga úr gullhúðun í matvælaframleiðslu. Verið að skoða hvernig hægt er að styðja við að framleiðsla í héraði sé seld beint í héraði, t.d.

					í gegnum DalaAuð og starfshóp Umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins.
2.6. A.m.k. tvö nýsköpunarverkefni í skógrækt, grænmetis- og/eða fóðurrækt verði hrundið af stað fyrir lok árs 2025.					Þónokkur verkefni hafa farið af stað og mörg með stuðningi úr Frumkvæðissjóði DalaAuðs. Markmiði náð en enn eru sóknarfæri hér.
2.7. Búið verði til vörumerki fyrir vörur framleiddar í Dalabyggð á verkefnistímanum.					Verkefni ekki hafið og óljóst hver á að fjármagna og leiða það. Haldið var kaffispjall um vörumerki í Nýsköpunarsetrinu í nóvember 2024 en fáir mættu. Það er spurning hvort þetta sé aðalatriði í huga framleiðenda í Dalabyggð og hvort sé betra að leggja markmið niður?
2.8. Námskeið verði haldin í vöruþróun, markaðssetningu og að koma afurðum og vörum í sölu árin 2023-2024.					Það hefur verið haldin ýmis fræðsla í Nýsköpunarsetrinu, ásamt því að vakin hefur verið athygli á stað- og fjarnámskeiðum sem falla undir þetta. Þá hafa einstaklingar skipulagt ýmis konar fræðslu í Dalabyggð, sem dæmi: Haldið var kjötiðnaðarnámskeið í Miðskógi haustið 2023, haldið verðlagsnámskeið í Nýsköpunarsetrinu 2023, Matarfrumkvöðullinn var viðamikill vefnámskeið sem nokkrir úr Dalabyggð sóttu vorið 2023. Haustið 2023 var síðan haldið námskeið í verkefnisstjórnun í Nýsköpunarsetrinu. Stefnt er að áframhaldandi námskeiðahaldi í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar.
2.9. Verkefnisstjóri aðstoði þá sem hafa áhuga á að selja vörur framleiddar í héraðinu, við að koma þeim í sölu á árunum 2022-2025.					Verkefnisstjóri hefur aðstoðað áhugasama eftir þörfum en ekki hefur verið mikið um slík verkefni.
2.10. A.m.k. tvö þróunarverkefni í framleiðslu, markaðssetningu og/eða sölu afurða úr					Tvö lögbýli hófu þróun á afurðum úr ærkjöti beint frá býli og komu í sölu 2022-2023. Þrír aðilar hófu sölu á grænmeti eða afurðum úr grænmeti árin 2022-2023. Einn aðili fékk styrk

byggðarlaginu, fari af stað fyrir lok árs 2025.					úr Frumkvæðissjóði til að þróa afurðir úr nautakjöti árið 2023. Víða var auglýst lambakjöt, nautakjöt eða ærkjöt til sölu árið 2023. Mikil gróska er í framleiðslu og enn eru ýmis sóknarfæri.
2.11. Að hafið verði a.m.k. eitt frumkvæðisverkefni sem felur í sér nýsköpun í verslun í byggðarlaginu fyrir árið 2025.					KM þjónustan ruddi sér til rúms eftir íbúafund 2023 og opnaði dagvöruhörn í sinni verslun. Verkefnið beint frá skýli hlaut styrk úr Frumkvæðissjóði árið 2023.
2.12. Sett verði fram heildstæð stefna í ferðaþjónustu sem snýr að hæglæti árið 2025.					Í undirbúningi.
2.13. Markaðssetningar-átaki fyrir áfangastaðinn Dalabyggð verði hrundið af stað fyrir sumarið 2024.					Unnið var að myndefni um Dalina með fyrirtækinu Broadstone og var margmiðlunarsíða, ásamt myndböndum frumsýnd í haust. Umfjöllun var um Dalina í Around Iceland og Icelandic Times og gerðar útvarpsauglýsingar undir heitinu „Dalirnir heilla“. Það er ljóst að markaðssetning er sífellustarf og verður því haldið áfram.
2.14. Greind verði sóknarfæri og nýtingarmöguleikar sem felast í menningarminjum og menningararfi Dalabyggðar árið 2024.					Markmið aflagt á íbúafundi 2023 og sett fram ný markmið varðandi menningarmál undir meginmarkmiði 3 (starfsmarkmið 3.11.-3.13.)
2.15. Árin 2023-2024 verði unnið að því að móta hugmynd að afþreyingu eða upplifun tengdri Auði djúpúðgu.					Verkefni endurskoðað árið 2023 og áherslu breytt. Markmið var vikkað út þar sem áður var talað um gagnvirka upplifun en nú um almenna upplifun tengda Auði. Eitt verkefni fékk styrk úr Frumkvæðissjóði 2023 þar sem ætlunin er að gera vegarefil um Miðbraut í Búðardal, þar sem Auður Djúpúðga kemur fram. Bent var á tækifærin sem

						tengjast Hvammi við miðlun á sögu Auðar, á íbúafundi 2024.
2.16. Unnið verði að gerð hljóðleiðsagnar um Dalina árið 2024, sem tengir svæðið við landnámssöguna.						Verkefni háð því að áhugasamir aðilar leiði það. Ekki hafið.
2.17. Á.m.k. tvö nýsköpunarverkefni fari af stað í ferðapjónustu á tímabilinu 2022-2025.						Markmiði náð 2024. Tvö ferðapjónustuverkefni (jarðhýsi á Eiríksstöðum og gönguferðir hjá Eiríksstöðum) eru í undirbúningi, rennslismæling í Fótadal vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Hörðudal er hafin. „Jólasveinaverkefnið“ er samspil ferðapjónustu, menningar og markaðsstarfs, það verkefni er í hönnunarferli. Stikun og merking gönguleiða í Dalabyggð hafin á a.m.k. þremur leiðum.
2.18. Dalabyggð hagi verkkaupum þannig að heimaaðilar eigi möguleika á að bjóða í verk á starfstímabilinu og eftir það.						Þetta er stefna Dalabyggðar og hefur m.a. verið sett inn í loftslagsstefnu. Um er að ræða sífelluverkefni. Sífellt eru skoðaðar leiðir til að auka verkkaup í heimabyggð.
2.19. Áhugasöm fyrirtæki fái aðstoð við að innleiða grænan tékklista í sínum rekstri og möguleiki á umhverfissvottun fyrir minni fyrirtæki kannaður árin 2023-2024.						Haldin var fræðsla fyrir ferðapjóna á samhringingi árið 2023. Verkefnisstjóri leitaði til Umhverfisstofnunar og fékk ýmsar upplýsingar um vottanir og tékklista. Ljóst er að rekstraraðilar verða hver fyrir sig að fara í gegnum vottunarferli og ekki margt í boði fyrir mjög lítinn rekstur nema viðmið. Aðstoðin stendur þó til boða.

Meginmarkmið 3 – Auðugt mannlíf

Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1. Haldið verði áfram formlegum viðræðum við ríkið árið 2023 um að nýta Staðarfell til að stofna menningarsetur, þar sem færi fram fjölbreytt safna-, fræða-, félags- og/eða listastarf.						Staðarfell var selt árið 2023. Markmið aflagt á íbúafundi.

3.2. Haldin verði tómstundanámskeið eða fræðsluerindi fyrir íbúa, a.m.k. tvisvar á ári í Dalabyggð, árin 2023-2025.					Árin 2022 og 2023 var upphaflegu markmiði náð og fjölmörg námskeið eða fræðsluerindi haldin í Dalabyggð. Ákveðið var að halda áfram þessari fræðslu út verkefnistímabilið. Fjöldmargir viðburðir voru haldnir á árinu í Nýsköpunarsetrinu og eru þá ótaldir fjöldmargir viðburðir aðrir sem skipulagðir voru af íbúum. Þá var SSV hluti af verkefninu Leiðir til byggðafestu þar sem íbúar í Dalabyggð, Strandabyggð, Árneshreppi, Reykhólahreppi og Húnaþingi vestra höfðu tök á að sækja ýmsa endurmenntun frítt.
3.3. Átthaganámskeið, um sögu, náttúru og menningu í Dölum, verði haldið árið 2024.					Undirbúningur hófst árið 2023 og ráðgert var að halda námskeið 2024. Ákveðið var að breyta um stefnu hér og halda frekar nokkur opin erindi undir hatti átthagafræðslu. Var haldið sagnanámskeið, sagnavaka, erindi um list í Dölum og um landnámsstímann.
3.4. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð á starfstímanum. Meðal annars verði leitað leiða til að gera frístundastarf og menningarstarf aðgengilegra fyrir eldri borgara					Markmið 3.4 og 4.10 voru sameinuð í eitt árið 2023 og aðgerðum bætt við markmið. Aðgerðum er lokið en enn má gera betur í markmiðinu. Boðið var upp á leikfimi fyrir eldri borgara í ræktinni og gönguhópurinn var virkur. Félag eldri borgara heldur úti mjög öflugri dagskrá. Tveir samráðsfundir voru haldnir með eldri borgurum og er það einna helst húsnaði undir félagsstarf sem þeim finnst vanta.
3.5. A.m.k. eitt frumkvæðisverkefni á sviði lista eða lýðheilsu, sem eflir félagsstarf á svæðinu, fari af stað í byggðarlaginu fyrir árslok 2025.					Eitt verkefni hófst snemma árs 2023 og annað var endurvakið. Leikfélagið ákvað að setja fram leiksýningu og stofnaður var blandaður kór fullorðinna sem æfir vikulega í Dalabyggð.


3.6. Byggðahátíðir verði nýttar árlega til að auka tækifæri í listsköpun til ársins 2025, t.d. í tónlist, myndlist eða handverki. Auglýst verði sérstaklega eftir þátttöku á því sviði.					Verkefni hafið og hátíðir verði vettvangur fyrir menningu og listir.
3.7. Skoðaður verði möguleikinn á að bjóða upp á nám fyrir fullorðna í tónlistarskólanum á starfsárinu 2024-2025.					Þetta hefur verið rætt innan sveitarstjórnar og er í skoðun.
3.8. Íbúar bjóði nýbúa og "hálfbúa" velkomna í umræðuhópa á samfélagsmiðlum, til að allir geti tekið þátt í umræðum og viðburðastarfi innan Dalabyggðar.					Þetta er illmælanlegt markmið og erfitt að sjá hvort unnið sé að því. Það virkar frekar sem áminning til íbúa og hálfbúa að auka samtalið sín á milli og vera partur af samfélaginu. Nýir íbúar fá aðgang að FB síðu íbúa og til eru fleiri hópar sem opnir eru öllum áhugasömum og snúast t.d. um málefni eða viðburði í Dalabyggð. Það er því óhætt að segja að það sé hafið en erfitt er að meta að hve miklu leyti því er framfylgt.
3.9. Útbúinn verði póstlisti haustið 2022, fyrir "hálfbúa" og aðra áhugasama sem vilja fá upplýsingar um það sem er að gerast í Dalabyggð.					Þetta tók breytingum. Það var engin eftirspurn eftir sér póstlistum fyrir hálfbúa til upplýsingagjafar. Á heimasíðu Dalabyggðar eru allir viðburðir auglýstir t.d. Og frekar varð þróunin sú að þeir sem vildu fá upplýsingar um ákveðinn hóp, málefni eða fræðslu, skráðu sig á lista vegna þess sérstaklega. Það var því fundin ný lausn og verkefnið leyst þannig. Markmið var síðan aflagt 2023.
3.10. Skemmtilegi klúbburinn haldi sinn fyrsta fund haustið 2022 en í gegnum hann standi íbúum og velunnurum Dalabyggðar til boða að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi, sem verður opið öllum.					Fyrsti fundur skemmtilega klúbbsins var haldinn haustið 2022 en félagslífið í Dalabyggð hefur þróast á eigin forsendum síðan þá.
3.11. Hugað verði að forvörslu safnmuna Dalabyggðar og byggt					Sveitarstjórn hefur þetta til skoðunar.

viðunandi geymslurými árið 2025 fyrir muni byggðasafns og listasafns á starfstímabilinu.						
3.12. Á starfstímanum verði húsakostir Dalabyggðar nýttir til að sýna safnmuni sveitarfélagsins. Áhersla verði á lifandi og hreyfanlegt sýningarhald safnmuna.						Þetta er skemmtileg lausn á húsnæðisvanda t.d. byggða- og listasafns Dalabyggðar. Í lok árs 2023 var settur upp sýningarveggur í Stjórnsýsluhúsinu í Dalabyggð og hafa í kjölfarið verið settar þar upp örsýningar sem hafa vakið lukku meðal íbúa. Þá hafa byggðasafnið og bókasafnið einnig sett upp örsýningar á bókasafninu um nokkurt skeið. Sett var upp pop-up sýning í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar um frumkvöðla fortíðarinnar og komu íbúar að uppsetningu og lánuðu gripi til hennar.
3.13. Skoðað verði hvort hægt sé að nýta hluta af kirkjubyggingum í Dalabyggð undir menningarviðburði eða menningarstarf árið 2024.						Samtal var tekið um þetta í desember 2024 á opnum fundi. Mættu þar fulltrúar sóknarnefndar, sóknarprestur og fleiri áhugasamir og ræddu kirkjur og möguleika þeirra.
3.14. Hljómsveitum og öðrum í tónlistarsköpun standi til boða að nýta Dalabúð til tónlistarsköpunar.						Hljómsveitum stendur þetta til boða.
Meginmarkmið 4 – Öflug grunnþjónusta						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
4.1. Skipulagt verði samráð með ákveðnum hópum samfélagsins árið 2023. Aðgerð A: Skapaður verði virkur samráðsvettvangur vegna skólamála, til að mynda með eflingu foreldraráðs, til að efla samtal á milli sveitarfélags, skólastjórnenda og foreldra.						Árið 2023 var hafið samstarf við Ásgarð um faglega stefnu og starf Auðarskóla en það var ein áherslan sem íbúar kölluðu eftir á íbúafundi 2022 og var þess vegna ákveðið að auka þyrfti samtal og samstarf milli skóla o.fl. aðila til að ná fram úrbótum sem kallað var eftir. Þá var unnið að nýrri skólastefnu þar sem meðal annars er kveðið á um verklag og ferla varðandi samráð við bæði nemendur og foreldra. Stefnan kynnt á opnum fundi fyrir foreldrum og óskað eftir athugasemdum.


Aðgerð B: Komið verði á mánaðarlegum fréttum á heimasíðu Auðarskóla, fyrir alla áhugasama sem vilja fylgjast með skólastarfinu. Aðgerð C: Reglulegir fundir verði einnig með nemendaráði grunnskólans varðandi ákvarðanir um skólamál. Sérstaklega verði rætt við þau um aðbúnað og val í námi. Aðgerð D: Reglulegir samráðsfundir verði með eldri borgurum varðandi þjónustu við þann hóp. Aðgerð E: Stjórnendur Silfurtúns og Auðarskóla kanni möguleikann á því að vera með heimsóknir á milli stofnana sem heimilisfólk og nemendur beggja stofnananna geta tekið þátt í.						Skilaboð íbúapings og verkefnisáætlun hafa verið nýttar við gerð stefnunnar. Reglulegar fréttir voru settar inn á vef Auðarskóla og deilt á samfélagsmiðlum varðandi skólastarfið, árið 2023. Samtal hefur átt stað við forsvarsmenn bæði Silfurtúns og Auðarskóla um heimsóknir og hefur þeim að einhverju leyti verið komið á. Komið var á samráðsfundum með eldri borgurum á árinu.
4.2. Útiaðstaða í Auðarskóla verði metin og úrbótaáætlun gerð, samhliða fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir 2023.						Undirbúningur fyrir þetta er hafinn en framkvæmdir á skólalóðinni vegna nýrra íþróttamannvirkja setja strik í reikninginn. Skoða þarf svæðið í kringum allar byggingar heildrænt þegar íþróttamannvirki eru risin. Þetta málefni var rætt á íbúafundi 2024 og var bent á mikilvægi þess að hafa notendur útiaðstöðunnar með í hugmyndavinnunni.

4.3. Vatnsbrunnur í Auðarskóla verði kominn í gagnid haustið 2022.					Lokið haust 2022.
4.4. Sveitarfélagið kanni hvort hægt sé að koma á frístundarbíl, í tilraunaskyni, milli Búðardals og Lauga árin 2022-2024.					Frístundarbíll hóf ferðir haustið 2022 og hefur haft jákvæð áhrif á þátttöku barna í íþróttum.
4.5. Fjölbreytt framhaldsskólanám víða um landið, verði kynnt árlega fyrir nemendum á elsta stigi.					Hafið. Ýmsar kynningar hafa verið í boði og upplýsingar varðandi fjarnám og staðnám á framhaldsskólastigi. Áhugi er á frekari náms- og starfskynningum fyrir nemendum og ungmenni einnig.
4.6. Aðgengi að heilbrigðis stoðþjónustu á borð við sjúkraþjálfun verði aukið fyrir árið 2023.					Ungmennafélagið Ólafur Pá fékk styrk til að standsetja sjúkraþjálfaraaðstöðu í húsnæði sínu í Búðardal og kláraði að setja aðstöðuna upp. Hún er því tilbúin. Þá hefur einnig verið unnið að endurbótum á aðgengi að húsnæðinu sjálfu, búningsklefum o.fl. Unnið er að því fá sjúkraþjálfara til að starfa í rýminu og veita þjónustuna í Búðardal.
4.7. Verkefnisstjóri og Rauði krossinn kanni möguleika á að hefja sjálfboðaliðaverkefni undir formerkjum hreyfingarinnar árið 2023, sem nýst geti t.d. eldri borgurum í Dalabyggð til félagslegrar virkni eða samveru.					Þrír sjálfboðaliðar hófu störf í febrúar 2023. Opnuð var RK búð sama ár.
4.8. Innleidd verði móttökuáætlun vegna móttöku nýbúa árið 2023 og útbúinn upplýsingapakki sem fólk fengi þegar það flytur til Dalabyggðar.					Fjölmenningarsetur vinnur að grunnvinnu fyrir móttökuáætlanir um þessar mundir og Símenntun á Vesturlandi er að vinna að móttökuáætlunum og byggir á þeirri vinnu. Verkefnastjóri fjölskyldumála hjá Dalabyggð er með verkefnið á sinni könnu.
4.9. Átak í fræðslu um skipulagsmál á mannamáli á árinu 2024.					Byggingarfulltrúi fór yfir alla þá þætti sem hafa ber í huga þegar íbúðarhús eru byggð í fræðslu á


						mannamáli sem var á dagskrá Nýsköpunarsetursins 2022. Kaffisþjall var haldið með umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins veturinn 2023-2024 til að auka upplýsingagjöf til almennings um skipulagsmál. Haldið verður áfram með opna fundi og þjall með nefndum sveitarfélagsins veturinn 2024-2025.
4.10: Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að bæta félagsstarf eldri borgara í Dalabyggð árin 2023-2024.						Fellt inn í markmið 3.4. á íbúafundi 2023.
4.11. Árin 2024-2025 verði unnið að því að kortleggja þörf á hjólastólaaðgengi við opinberar byggingar og settir upp rampar í samræmi við þá þörf.						Settir voru upp rampar á nokkrum stöðum í Dalabyggð 2024. Sveitarfélagið hyggst kanna hvort þörf sé á fleiri römpum árið 2025.



Staða starfsmarkmiða
Árslok 2023



Staða starfsmarkmiða í lok árs 2024





Guðrún Björg Bragadóttir og Þorgrímur Einar Guðbjartsson kynna verkefnið "jólasveinarnir úr Dölunum".



BYGGÐASTOFNUN

ISBN 978-9935-518-18-7